



HÍ

# Fullorðinsfræðsla á Íslandi

Greining á stefnu og rannsóknum



**Stjórnarráð Íslands**  
Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið



**HÍ**

**MENNTAVÍSINDASTOFNUN**

Skýrsla unnin fyrir félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

Hróbjartur Árnason  
Október, 2023

ISBN 978-9935-468-29-1

## Efnisyfirlit

1.	Inngangur .....	4
1.1.	Samhengi .....	4
1.2.	Umfang .....	5
1.3.	Skipulag skýrslunnar .....	6
2.	Hugtakaskýringar .....	7
2.1.	Almenn menntun (s. <i>Folksbildung</i> ; e. <i>Liberal Adult Education</i> ) .....	7
2.2.	Endurmenntun (e. <i>Continuing Education</i> ) .....	7
2.3.	Formlegt nám / Óformlegt nám / Formlaust nám .....	7
2.4.	Framhaldsfræðsla (e. <i>Adult Education</i> ) .....	8
2.5.	Framhaldsmenntun (e. <i>Postgraduate Education</i> ) .....	8
2.6.	Framhaldsnám (e. <i>Postgraduate Studies</i> ) .....	8
2.7.	Fullorðinsfræðsla (e. <i>Adult Education, Adult Education and Learning</i> ) .....	8
2.8.	Grunnmenntun (e. <i>Basic education, Initial education</i> ) .....	8
2.9.	Grunnnám (e. <i>Undergraduate education, Initial Education</i> ) .....	9
2.10.	Menntun fullorðinna (e. <i>Adult Education</i> ) .....	9
2.11.	Nám (e. <i>Learning, Learning programme</i> ) .....	9
2.12.	Nám fullorðinna (e. <i>Adult Learning</i> ) .....	9
2.13.	Símenntun (e. <i>Continuing education</i> ) .....	9
2.14.	Tómstundanám (e. <i>Popular Education, Leisure Education</i> ) .....	10
2.15.	Ummenntun / Umskólun (e. <i>Re-education / Re-schooling</i> ) .....	10
2.16.	Ævinám / Ævimenntun (e. <i>Lifelong Learning, Lifelong Education</i> ) .....	10
2.17.	Ævibreitt nám (e. <i>Lifewide Learning</i> ) .....	10
3.	Stefnur alþjóðastofnana um nám fullorðinna .....	11
3.1.	Áskoranir .....	11
3.2.	Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna .....	12
3.3.	Heimsmarkmiðin og SDG4 .....	12
3.4.	Höfuðskýrslur UNESCO um menntun .....	12
3.4.1.	Marrakesh-yfirlýsingin .....	15
3.5.	OECD .....	16
3.6.	Miðlæg þemu hjá alþjóðastofnunum .....	18
3.6.1.	Menntun fyrir alla .....	18
3.6.2.	Skýr stuðningur við ævinám; fjárhagslegur og kerfislægur .....	19
3.6.3.	Gæðanám .....	19
3.6.4.	Fjölbreytt úrval námstækifæra .....	20
3.6.5.	Þjálfum yfirfæranlega hæfni .....	20

4.	Íslensk lög og stefnuskjöl .....	21
4.1.	Lög um fullorðinsfræðslu .....	21
4.2.	Íslensk stefnuskjöl á sviði fullorðinsfræðslu.....	21
4.3.	Stefna, fyrri lög og framkvæmd .....	22
4.3.1.	Hækkað menntunarstig .....	22
4.3.2.	Menntun fyrir alla .....	22
4.3.3.	Hæfni fyrir vinnumarkaðinn.....	23
4.3.4.	Þemu sem sjaldnar eru nefnd .....	24
5.	Íslenskar rannsóknir og önnur skrif um nám fullorðinna .....	25
5.1.	Orðræða um fullorðinsfræðslu .....	25
5.2.	Miðlæg þemu í rannsóknum .....	26
5.3.	Þátttaka í námi .....	26
5.4.	Ávinningur af menntun .....	27
5.5.	Menntun á landsbyggðinni.....	28
5.6.	Fjármögnun fullorðinsfræðslu.....	29
5.7.	Menntun fyrir hverja? .....	30
5.8.	Gæði í kennslu – gæðanám .....	32
5.9.	Hæfni leiðbeinenda .....	32
5.10.	Verkfæri framhaldsfræðslunnar.....	33
5.10.1.	Náms- og starfsráðgjöf .....	33
5.10.2.	Raunfærnimat .....	34
5.10.3.	Námskrár Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins .....	35
6.	Samantekt: Hvað má læra af þessu ferðalagi? .....	36
6.1.	Menntun fyrir alla .....	36
6.2.	Menntun sem verkefni allra .....	37
7.	Ívitnuð rit.....	38
8.	Viðauki .....	44
8.1.	Alþjóðlegar skýrslur og framtíðarstefnur um nám fullorðinna.....	44
8.2.	Lög, reglur um nám fullorðinna.....	44
8.3.	Ritrýnd skrif sem tengjast námi fullorðinna á Íslandi.....	44
8.4.	Aðrar rannsóknir, meistaraverkefni og skýrslur um nám fullorðinna á Íslandi .....	45
8.4.1.	Skýrslur sem tengjast fullorðinsfræðslu á Íslandi .....	45
8.4.2.	Meistararitgerðir.....	46
8.5.	Orðalistar um fullorðinsfræðslu og menntunarfræði .....	49
8.6.	Símenntunargeirinn á Íslandi .....	49



## 1. Inngangur

Skýrsla þessi inniheldur kerfisbundna greiningu á íslenskum rannsóknum um nám fullorðinna í samhengi við alþjóðleg stefnuskjöl, íslensk stefnuskjöl og lagatexta sem tengjast málinu.

Markmið skýrslunnar er að setja fram niðurstöður

- kerfisbundinnar greiningar á innlendum og tengdum erlendum rannsóknum er varða nám og þjálfunarúrræði fyrir fullorðna á Íslandi,
- yfirlit um núverandi hugmyndir um nám og menntun fullorðinna eins og þær birtast í nýlegum framtíðarskýrslum UNESCO, OECD, Evrópuráðsins og annarra alþjóðlegra stofnana,
- skoða sérstaklega skipulag og framkvæmd fullorðinsfræðslu á Íslandi í tengslum við stefnu alþjóðastofnana,
- gefa yfirlit yfir helstu hugtök sem notuð eru í umræðu um nám fullorðinna á íslensku.

### 1.1. Samhengi

Haustið 2022 ýtti Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið úr vör undirbúningi að gerð nýrra laga um framhaldsfræðslu, í stað fyrri laga nr. 27/2010. Skýrsla þessi er hluti af þessari vinnu og er unnin fyrir ráðuneytið af Menntavísindastofnun samkvæmt samningi þar um.

Markmið þessarar skýrslu er að varpa ljósi á íslenskar rannsóknir um fullorðinsfræðslu og einkum framhaldsfræðslu eins og hún hefur verið framkvæmd á Íslandi undanfarin ár. Samhengi skýrslunnar og vinnunnar allrar eru miklar samfélagsbreytingar sem skiljanlega hafa áhrif á allt fræðslustarf fyrir fullorðna og með þeim.

Markmið núverandi laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu eru eins og kemur fram í annarri grein laganna:

- a) að veita einstaklingum með stutta skólagöngu að baki aukin tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu,
- b) að veita einstaklingum á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu að baki viðeigandi námstækifæri og auðvelda þeim að hefja nám að nýju,
- c) að gefa einstaklingum færi á að efla starfshæfni sína og efla ábyrgð þeirra í því tilliti,
- d) að skapa svigrúm og úrræði til að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og hæfni starfsmanna,
- e) að veita einstaklingum sem búa við skerta möguleika til náms eða atvinnuþátttöku framhaldsfræðslu þar sem tekið er mið af ójafnri stöðu þeirra og hæfni,
- f) að afla viðurkenningar á gildi náms sem fellur utan hins formlega framhaldsskóla- og háskólakerfis,
- g) að stuðla að því að nám og reynsla sem aflað er utan hins formlega skólakerfis verði metin að verðleikum og
- h) að efla menntunarstig í landinu og íslenskt menntakerfi.

Eins og sjá má af þessum átta markmiðum markast þau af þörfum samfélagsins um það leyti sem þau voru skrifuð þar sem aðaláherslan var á að auka hæfni fólks með stutta skólagöngu og hækka menntunarstig þeirra. Enda var það ofarlega á lista stjórnvalda á þeim tíma að fjölga þeim sem höfðu lokið námi á framhaldsskólastigi (sjá t.d. Forsætisráðuneytið, 2008,

2011). Greinilegt er í þessum lögum að eitt hlutverk þeirra var að marka sérstaklega þá fullorðinsfræðslu sem stjórnvöld væru tilbúin að greiða fyrir úr samneyslunni. Það sést m.a. í nafni laganna sem inniheldur nýyrði og þykir gefa skýrt til kynna að lögin nái sérstaklega utan um fullorðinsfræðslu á framhaldsskólastigi: *Framhaldsfræðsla*.

Þegar þessi skýrsla er rituð hefur margt breyst og áskoranir sem samfélagið horfist í augu við og virðast hafa snertingu við nám og menntun á fullorðinsárum eru fleiri og jafnvel alvarlegri. Nægir þar helst að nefna þrjár breytingar sem standa upp úr: Mikinn fjöldi innflytjenda sem samfélagið þarf að styðja til að finna sér stað í nýju heimalandi. Hamfarahlýnun sem kallar á breytingar í lífi og starfsháttum alls staðar í samfélaginu. Tækniþróun sem er orðin örari en nokkru sinni fyrr, með afleiðingum sem virðast ætla að rista mun dýpra en áður: Störf úreldast hratt, tölvur taka yfir ótal störf, fjöldi þeirra sem hafa það lítið vald á nýrri tækni að atvinnutilboð sem þeim henta fækkar, einangrun þeirra eykst og sjálfstæði þeirra í lífi og starfi getur orðið minna.

Þessar breytingar og aðrar sem hafa átt sér stað undanfarin ár hafa leitt til þess að fólk, sem talar um hlutverk náms og menntunar í samfélagi og lífi einstaklinga, leggur ofuráherslu á að nám og lærdómur séu orðin að mun skýrari og ákveðnari fylginautum fólks í gegnum allt lífið en áður þótti. Þetta á bæði við ævilengdina (ævinám) og á öllum sviðum lífsins (ævbreytt nám). Þrátt fyrir að „við höfum alltaf vitað“ að *svo lengi lærir sem lifir*, þá komst sú hugmynd samt á kreik, og mótaði viðhorf nokkurra kynslóða a.m.k., að þegar starfsnámi í æsku væri lokið lyki skólagöngu og þar með námi fólks og að það gæti komist af í lífi og starfi með þá þekkingu, leikni og viðhorf sem það hafði tileinkað sér í skóla. Orðatiltækið sem er nefnt hér að ofan sprettur örugglega úr reynsluheimi fullorðinna um að hvert ævistig hafi sín innbyggðu námsverkefni og að breytingar á lífi og högum kalli ávallt á nám og lærdóm. Comenius (1592–1670) lagði fram mjög skýra og aðlaðandi lýsingu á ævinámi í bók sinni *Pampaedia* (Comenius, 1991). Hugmyndin eða jafnvel hugmyndafræðin um ævinám (e. lifelong learning) varð aftur á móti fyrst áberandi í umræðu um menntamál fyrir um 70 árum síðan, þó flestir hafi upplifað á eigin skinni að ævin öll sé vettvangur stöðugs lærdóms.

Breytingar í samfélagi, sem hafa verið í umræðunni lengi og eru nú orðnar hluti af daglegum veruleika fólks, kalla á nýjar hugmyndir um aðkomu allra aðila samfélagsins að ævinámi; ríkis, sveitarfélaga, atvinnulífs, félagasamtaka og einstaklinga. Í þessari skýrslu verða rannsóknir og önnur skrif um nám fullorðinna og fullorðinsfræðslu skoðuð, einkum síðastliðin ár, og þau tengd við framlög alþjóðastofnana sem hafa tekið sér leiðtogahlutverk í umræðu um nám, menntun og hæfniþróun í samfélaginu.

## 1.2. Umfang

Í skýrslunni er leitað fanga í stefnuskjölum frá alþjóðastofnunum, einkum UNESCO og OECD. Alþjóðleg stefnumál verða spegluð í íslenskum stefnuskjölum og lögum. Þá eru rannsóknir, skýrslur og greinar um fullorðinsfræðslu á Íslandi greindar til að varpa ljósi á stöðu fullorðinsfræðslu á Íslandi, framkvæmd hennar og reynslu fólks af helstu tilboðum framhaldsfræðslunnar undanfarin 20 ár. Þar er lögð áhersla á ritrýndar greinar sem tengjast þemanu og aðrar miðlægar skýrslur og greinar sem tengjast viðfangsefninu náíð. Hins vegar er **í þessari skýrslu sneitt hjá greiningu á rannsóknum um nám innflytjenda og flóttafólks í íslensku samfélagi þar sem þeim gerð skil í annarri skýrslu sem var unnin samtímis.**

### 1.3. Skipulag skýrslunnar

Skýrslan er þannig uppbyggð að í kafla 2 er stuttur listi með skilgreiningum á nokkrum miðlægum hugtökum sem tengjast menntun fullorðinna. Í máli og riti um menntun fullorðinna hefur hugtakanotkun verið nokkuð á reiki. Vonandi á þessi listi og nýleg skrif um menntun fullorðinna þátt í að einfalda hugtakanotkunina og þar með skýra og styrkja umræðuna. Í þriðja kafla er nám og menntun fullorðinna sett í alþjóðlegt samhengi með yfirliti um nýlegar og miðlægar skýrslur um framtíð menntunar og stefnu. Þær eru svo í kafla 4 settar í samhengi við íslensk lög og önnur stefnuskjöl sem birst hafa undanfarin 20 ár. Að lokum er greining á rannsóknum sem birtast í skýrslum, ritrýndum greinum og meistaraverkefnum og tengjast námi og menntun fullorðinna, einkum þeim sem tengjast miðlægum þeimum sem snerta skipulag og framtíð fullorðinsfræðslu á Íslandi. Í 6. kafla er umræðan dregin saman, ályktanir dregnar og tillögur um fyrirkomulag og skipulag náms og menntunar fyrir fullorðna og með þeim reifaðar.



## 2. Hugtakaskýringar

Hér fyrir neðan er listi með miðlægum hugtökum sem tengjast námi fullorðinna og stuttur texti þar sem þau eru skýrð. Listinn er unninn upp úr skjölum sem ýmsir aðilar hafa birt á netinu, allt frá skipulagðri þýðingavinnu á orðalista frá CEDEFOP sem nú er hluti af Íðorðabankanum til stuttra greina í *Gátt*, lista unna fyrir nemendur við HÍ og lista á vef EPALÉ á Íslandi. Sjá nánar í Viðauka: 8.5 Orðalistar um fullorðinsfræðslu og menntunarfræði.

### 2.1. Almenn menntun (s. *Folksbildning*; e. *Liberal Adult Education*)

Menntun sem hefur þann almenna tilgang að gefa fólki tækifæri til að auka þekkingu sína og þroska á víðan og almennan hátt. Undir almenna menntun má flokka tungumálanám, menningarlegt nám, nám til að stuðla að persónulegum þroska, pólitískt, heimspekilegt og trúarlegt nám. Á ensku er gjarnan talað um liberal adult education, popular education og civic education. Á Norðurlöndum er hugtakið folkbildning í ólíkum útgáfum algengt. Ein skýrasta útlistun á merkingu hugtaka sem tengjast þessu hugtökum náið má finna í grein Jyri Manninen: Empirical and genealogical analysis of non-vocational adult education in Europe (2017)

### 2.2. Endurmenntun (e. *Continuing Education*)

Menntun og þjálfun að loknu grunnnámi í tilteknu fagi eða eftir að atvinnuþátttaka er hafin og miðar að því að fólk sé að bæta við og endurnýja þekkingu og/eða leikni á sviði þar sem það hefur þegar öðlast grunnmenntun. Endurmenntun snýst um að byggja ofan á fyrirliggjandi hæfni, öðlast nýja þekkingu og leikni til að treysta stöðu sína á vinnumarkaði og/eða efla persónulegan og faglegan þroska.

### 2.3. Formlegt nám / Óformlegt nám / Formlaust nám

Þegar rætt er um samhengi þar sem nám fer fram og tengsl þess við lög og reglur samfélagsins, um skipulag þess, útfærslu og fyrirkomulag, koma hugtökin formlegt, óformlegt og formlaust nám gjarnan fyrir. Þau voru upphaflega kynnt til sögunnar af Coombs o.fl. (1974) í skýrslu um hvernig óformlegt nám gæti átt þátt í að minnka fátækt í Afríku. Í skýrslunni er lýst þremur ólíkum *tegundum* náms eða frekar ólíku *samhengi* sem nám fer fram í eða á sér stað. Þessi lýsing hefur fest sig í sessi og er mikið nýtt til að lýsa námi sem fer fram í ólíku samhengi:

**Formlegt nám** (e. formal education) fer fram við skipulagðar og formgerðar aðstæður, svo sem í skóla, fræðslumiðstöð eða á vinnustað og er beinlínis skilgreint sem nám (hvað varðar markmið, tíma og aðbúnað). Námið endar gjarnan með staðfestingu á að þátttakandi hafi náð hæfniviðmiðum námsferlisins. Formlegt nám er stundað af ásetningu, samkvæmt skipulagi og undir leiðsögn annarra. Því lýkur að jafnaði með staðfestingu og vottun.

**Óformlegt nám** (e. nonformal education) er hugtak notað um nám sem er skipulagt af öðrum og fer gjarnan fram innan menntastofnana, félagasamtaka eða fyrirtækja, varir oft í stuttan afmarkaðan tíma en leiðir sjaldnast til skírteina og þaðan af síður réttinda. Óformlegt nám er stundað með ásetningu af hálfu nemandans og er skipulagt af öðrum.

**Formlaust nám** (e. informal education) er gjarnan nám eða lærdómur sem hlýst af daglegum störfum, í vinnu, í fjölskyldulífi eða tómstundum. Það er ekki skipulagt eða samhæft hvað varðar markmið, tíma eða námsaðstoð. Fyrir nemandann á formlaust nám sér yfirleitt stað

án ásetnings og er yfirleitt ekki skipulagt. Það er alls ekki skipulagt af öðrum en það gæti verið skipulagt af námsmanninum sjálfum, til dæmis gæti einstaklingur valið að æfa tiltekna hreyfingu eða framburð aftur og aftur uns hann/hún hefur náð (betra) valdi á því. Slíkt nám leiðir aldrei til skírteina eða réttinda. Formlaust nám á sér gjarnan stað í fjölbreytilegu og flóknu samhengi eins og á heimilum, vinnustöðum eða í borgum þar sem eru margs konar áreiti er í einu, margt í gangi, fjölbreytileg mannleg samskipti og fólk lærir í gegnum samskiptin, túlkun þeirra á samskiptunum og því sem það sér, heyrir og upplifir.

#### 2.4. Framhaldsfræðsla (e. Adult Education)

Í lögum um framhaldsfræðslu (nr. 27/2010) er hún skilgreind sem „hvers konar nám, úrræði og ráðgjöf sem er ætlað að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki og er ekki skipulagt á grundvelli laga um framhaldsskóla eða háskóla“. Hugtakið kom fyrst fram með lögum um framhaldsfræðslu (nr. 27/2010) og hafði trúlega þann tilgang að afmarka þá fullorðinsfræðslu sem ríkið var tilbúið að fjármagna á þeim tíma. Nú til dags er hugtakið notað um þá fræðslustarfsemi sem á sér stað með stuðningi Fræðslusjóðs samkvæmt ofangreindum lögum. (Sjá: 5.6 Fjármögnun fullorðinsfræðslu). Í Bandaríkjunum er hugtakið adult education yfirleitt notað yfir það sem er átt við með framhaldsfræðslu á Íslandi, þ.e. nám fyrir fólk með stutta skólagöngu sem veitir tiltekna grunnmenntun til að halda áfram námi, þar er algengt að Adult Education vísi til lestrar og stærðfræðikennslu fyrir fullorðna. Í Englandi fær hugtakið yfirleitt breiðari og almennari skírskotun.

#### 2.5. Framhaldsmenntun (e. Postgraduate Education)

Hugtakið getur yfirleitt verið notað um nám á sem byggir ofan á grunnmenntun í tilteknu fagi, hvort sem grunnmenntuninni lýkur á 2., 3., 4., 5. eða 6. hæfniprepi íslenska hæfnirammans. Algengast þó er að nota hugtakið um nám á háskólastigi sem byggir ofan á grunnám í háskóla.

#### 2.6. Framhaldsnám (e. Postgraduate Studies)

Hugtakið er yfirleitt notað um nám á háskólastigi að loknu grunnnámi í háskóla, þ.e.a.s. meistaranám eða nám á 6. hæfniprepi íslenska hæfnirammans.

#### 2.7. Fullorðinsfræðsla (e. Adult Education, Adult Education and Learning)

Öll skipulögð fræðsla fyrir fullorðið fólk og með því. Almenn menntun eða starfstengt nám fyrir fullorðið fólk bæði í faglegum og/eða persónulegum tilgangi. Jón Torfi Jónasson (e.d.) leggur til að skilja megi hugtakið á þrennan hátt: 1) Fræðsla fyrir alla sem hafa náð aldri sem skilgreindur er sem fullorðinsaldur. 2) Fræðsla fyrir alla sem eru ekki á skilgreindri „beinni braut“ menntunar í gegnum formlegt skólakerfi. Þar með talið skipulagt nám, eins og háskólanám sem er stundað á fullorðinsárum. 3) Fræðsla sem fellur ekki að hinu formlega skólakerfi. Í þessari skýrslu er lagt til að hugtakið sé notað í sinni breiðustu merkingu.

#### 2.8. Grunnmenntun (e. Basic education, Initial education)

Almenn menntun eða starfsmenntun sem aflað er á grunnstigi skólakerfisins, yfirleitt áður en störf á vinnumarkaði hefjast. Grunnmenntun getur líka átt við um fyrsta stig menntunar á

tilteknu sviði: Grunnmenntun smíða lýkur t.d. með sveinsprófi á 3. hæfniprepi á meðan grunnmenntun lækna lýkur með kandidateprófi á 6. þrepi.

## 2.9. Grunnám (e. Undergraduate education, Initial Education)

Nám á grunnstigi – svipað og grunnmenntun. Í háskólaumhverfi er átt við nám á bakkalárstigi, 5. hæfniprepi. Hugtakið er einnig notað um nám á grunnstigi iðngreina eða annarra greina

## 2.10. Menntun fullorðinna (e. Adult Education)

Hugtakið menntun fullorðinna er hér notað sem þýðing á hugtakinu adult education og skírskotar þá til allrar fræðslu, menntunartilboða og sjálfsnáms fullorðinna ævilangt og ævibreitt.

## 2.11. Nám (e. Learning, Learning programme)

Ferli þar sem einstaklingur eða hópur tileinkar sér upplýsingar, hugmyndir og gildismat og öðlast þannig þekkingu, verkvit, leikni og/eða færni og breytir viðhorfum þannig að hæfni hans eykst. Nám nær þannig fyrst og fremst til vinnu námsmannsins sjálfs. Hugtakið nám er einnig notað um skipulagt ferli í þeim tilgangi að mennta fólk á tilteknu sviði; iðnnám, lögfræðinám, söngnám o.s.frv.

## 2.12. Nám fullorðinna (e. Adult Learning)

Almennt heiti sem nær yfir allt nám á fullorðinsaldri, óháð samhengi eða tilgangi. Gjarnan er átt við rannsóknir á námi sem fullorðnir leggja fyrir sig, hvort sem það er skipulegt eða ekki. Hugtakið nær þá líka yfir kenningar og líkön sem ætlað er að skýra ýmislegt sem þykir vert að skoða og skilja varðandi nám sem fullorðið fólk leggur stund á. Hugtakið dregur fram mun sem gæti verið á námi barna og fullorðinna, t.d. hvað varðar áhugahvöt, þátttöku, inntak, skipulag og samhengi náms.

## 2.13. Símenntun (e. Continuing education)

Á tíunda áratug síðustu aldar og eitthvað lengur var hugtakið símenntun notað sem þýðing á enska hugtakinu „lifelong learning“. Hugtakið „ævimenntun“ var trúlega fyrst notað á íslensku í frumvarpi til laga um fullorðinsfræðslu (þingskjal nr. 333/1975–1976) sem þýðing á hugtakinu lifelong learning en þá í skilningnum nýtt „menntakerfi með þjóðinni“. Lifelong learning hefur síðan verið skilið sem hugmyndafræði um ævinám, fólk læri alla ævi í ólíku samhengi og það beri að styðja við það. Í daglegu tali núorðið er símenntun og símenntunartilboð eða símenntunarnámskeið notað í svipaðri merkingu og ein merking hugtaksins fullorðinsfræðsla: Nám sem er ekki endilega hluti af námi til tiltekinnar gráðu eða réttinda, eða hluti skólakerfisins. Það getur verið nám sem mætti flokka sem almennt nám, tólmstundanám þar sem innihald námsins tengist menningu eða áhugamálum þátttakenda. Símenntun getur líka verið endurmenntun eða viðbótarmenntun þar sem fólk eykur við þekkingu sína og leikni í tengslum við eigið starf. Aðalmálið er að oftast er um stutt námskeið að ræða sem ekki eru hluti af skipulögðu námi til gráðu.

## 2.14. Tómstundanám (e. Popular Education, Leisure Education)

Skipulagt nám á sviði tómstunda, lista eða handverks eða annarra áhugamála. Stundum nær hugtakið yfir allt námskeiðahald sem ekki flokkast undir starfstengt nám. Þá flokkast nám sem tengist samfélagi, sögu, stjórnmálum og lýðræði undir þennan titil líka og jafnvel nám sem styður við persónulegan þroska almennt, hvort sem það er beint eða óbeint (sjá einnig Almennt nám).

## 2.15. Ummenntun / Umskólun (e. Re-education / Re-schooling)

Nám sem gerir fólki fært að afla sér nýrrar þekkingar og leikni og veitir því aðgang, annaðhvort að nýrri starfsgrein eða nýjum störfum innan greinarinnar. Hér er því ekki um tiltekin námstilboð að ræða heldur tilgang þess náms sem einhver stundar. Hugmyndin sem liggur að baki þessu hugtaki er að fólk hafi í æsku menntast til tiltekinna starfa og einhverra hluta vegna skiptir það um starfsvettvang og þarf þá að afla sér annarrar þekkingar, leikni og viðhorfa en dugðu fyrir fyrra starfið. Ummenntun/umskólun snýst þá um nám á sviði sem er nýtt fyrir námsmanninn sjálfan. Valið á milli andlaganna ummenntun / umskólun fer oftast eftir því hvort námið sjálf sé séð annað hvort sem menntun eða þjálfun. Þegar hugmyndin er að læra nokkrar nýjar aðferðir er yfirleitt hugtakið umskólun valið, en þegar námið ristir dýpra og snýst um að afla þekkingar á alveg nýju sviði og að hugsa margt alveg upp á nýtt ver hugtakið ummenntun frekar valið.

## 2.16. Ævinám / Ævimenntun (e. Lifelong Learning, Lifelong Education)

Allt nám sem fram fer á mannsævinni og stuðlar að því að auka þekkingu, verkvit, leikni, færni og/eða hæfni, hvort sem er í einstaklingsbundnum, félagslegum, faglegum, eða starfstengdum tilgangi (sjá einnig umfjöllun um símenntun hér að framan). Í frumvarpi um fullorðinsfræðslu var hugtakið kynnt sem nýtt menntakerfi, en núorðið er hugtakið oftast notað um þá hugmyndafræði að nám og lærdómur sé æviverkefni allra og að nauðsynlegt sé að samfélagið styðji á virkan hátt við fjölbreytt framboð námstilboða sem henta öllum ævina á enda.

## 2.17. Ævibreitt nám (e. Lifewide Learning)

Nám, hvort heldur er formlegt, óformlegt eða formlaust sem snertir alla breidd lífsins og nær þannig til allra þátta lífsins (einstaklingsbundinna, samfélagslegra og faglegra) og allra æviskeiða.

Sjá nánar 8.5 Orðalistar um fullorðinsfræðslu og menntunarfræði.

### 3. Stefnur alþjóðastofnana um nám fullorðinna

Undanfarin ár hafa alþjóðastofnanir eins og t.d. UNESCO, OECD, Evrópusambandið, Alþjóða vinnumálastofnunin og Alþjóðabankinn gefið frá sér yfirlýsingar, stefnumótunarskjöl, verkfæri og tilmæli varðandi menntun almennt, nám og hæfnipróun fullorðinna sérstaklega. Þessi rit hafa haft áhrif á stefnumótun, lagasetningu og framkvæmd víða. Gjarnan hafa umræddar stofnanir safnað saman helstu sérfræðingum á sviðinu til að móta slík stefnuskjöl, þannig að þar má vænta vel rökstuddra tillagna og jafnvel gagnreyndra hugmynda um framkvæmd. Þá er og rétt að líta til þeirra í ljósi aukins alþjóðlegs og jafnvel hnattræns samstarfs. Á Íslandi hefur – eins og greiningin hér leiðir í ljós – framsetning OECD haft sérlega mikil áhrif. Tilmæli Evrópusambandsins hafa oft ratað inn í lög og reglur og hugmyndafræði menntastefnu og þá hefur framsetning UNESCO einnig haft áhrif á viðhorf og stefnu hér á landi. Því er eðlilegt að gefa þeim ákveðið rými hér, einkum til að leiða í ljós hvaðan hugmyndir sem hafa haft mótandi áhrif í íslensku samhengi koma.

- Í tengslum við vinnu þessarar skýrslu voru helstu stefnuskjöl dregin saman í lista: Hann mál nálgast hér: [Stefnuplögg alþjóðleg og íslensk](#)

#### 3.1. Áskoranir

Öll almenn umræða um menntun, einkum og sér í lagi um nám og menntun fullorðinna, hefst á umfjöllun um yfirþyrmandi áskoranir sem mannkynið og nútímasamfélög standa frammi fyrir. Slík umræða er til þess fallin að setja nám og menntun fram sem lausn á yfirstandandi vanda. Þannig verða nám og menntun gjarnan gerð að lausn við vanda; verkfæri eða úrræði.

Nokkrar helstu áskoranir sem taldar eru upp í helstu ritum um framtíð menntunar eru:

- Hraðar tæknibreytingar og áhrif þeirra á samfélag, vinnu, daglegt líf, hlutverk og afkomu fólks. Hér koma gjarnan fyrir hugtök eins og *stafræn gjá*, þ.e. að sumir hafi orðið eftir hvað varðar hæfni til að nota upplýsingatækni í lífi og starfi. *4. iðnbyltingin og gervigreind*, en áhrif gervigreindar á líf, vinnu og vinnumarkað varð á vormisseri 2023 allt í einu að einni stærstu áskorun mannkyns, „stærri en umhverfisvandinn“ (Coulter, 2023; Wood, 2019).
- Fólki sem hefur misst af eða orðið útundan í stafrænni þróun samfélagsins.
- Fólki sem hefur misst, er að missa eða mun missa vinnu sína vegna úreldingar starfa og breytinga (hér eru *gervigreind* og *4. iðnbyltingin* einnig þekkt slagorð í umræðunni).
- Auknir fólksflutningar, innflytjendur, flóttafólk (lítil tungumálakunnátta, lítil almenn menntun, gengisfelling félagsauðs flóttafólks og innflytjenda, samfélagsleg samstaða).
- Aukin inngilding fólks með andlegar og líkamlegar áskoranir.
- Auknar kröfur um hæfni á vinnumarkaði. Æ fleiri fyrirtæki og stofnanir kvarta undan skorti á hæfu fólki til starfa.
- Fólki með stutta formlega skólagöngu nær ekki að skapa sér öryggi á vinnumarkaði og samfélagið missir af nauðsynlegri hæfni.
- Auknar öfgar í viðhorfum fólks, minni samstaða í samfélaginu, þátttaka fólks í þröngum hagsmunahópum sem sjá heiminn, lífið og tilveruna í öðru ljósi en nágrenni þeirra.

- Hamfarahlýnun.

Þessar áskoranir eru gjarnan notaðar sem rökstuðningur fyrir að kalla á aukin og fjölbreyttari tækifæri fyrir fólk að læra nýja hluti svo samfélagið sem heild ráði við núverandi og væntanlegar áskoranir. Þær kalla á aukna hæfni fólks til að læra. Þær kalla á nýjar hugmyndir um leiðir, og þær kalla á stefnu og ákvarðanir um hvar stjórnvöld og samneyslan kemur inn til að fjármagna slíkt nám og setja því samfélagslegan ramma. Að baki slíkum ákvörðunum þurfa að liggja rökstudd viðhorf og skýr stefna sem leiða svo til fyrirkomulags sem er til þess fallið að mæta örum breytingum.

### 3.2. Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna (Sameinuðu þjóðirnar, 1948) lýsir því yfir í 26. grein að allir hafi rétt til menntunar. Á þessari yfirlýsingu byggja síðan öll stefnuþlög UNESCO og fleiri, um að allir hafi rétt á námi og menntun alla ævi og að það sé hlutverk samfélagsins að greiða aðgang borgara að viðeigandi ævinámi. Svipað orðalag má finna í stjórnarskrá Íslands („33/1944“, 1944).

### 3.3. Heimsmarkmiðin og SDG4

Í september 2015 samþykktu fulltrúar allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna „Heimsmarkmið um sjálfbæra þróun“ (United Nations 2016). Þar leggja ríkisstjórnir allra aðildarríkja línur um viðbrögð sín til að mæta aukinni fátækt í heiminum og hamfarahlýnun jarðarinnar. Fjórdá markmið þessa skjals, „SDG4“, snýst um menntun: „Menntun fyrir öll: Tryggja jafnan aðgang allra að góðri menntun og stuðla að tækifærum allra til náms alla ævi.“ Það er ekki langt seilst þegar fullyrt er að menntun sé forsenda þess að öll hin sextán markmiðin náist. Í samhengi þessarar skýrslu þýðir þetta að Íslendingar hafa skuldbundið sig til að tryggja öllum jafnan aðgang að gróðri menntun, allt æviskeiðið.

### 3.4. Höfuðskýrslur UNESCO um menntun

Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna eða United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization (UNESCO) hefur frá stofnun sinni (1945) gefið út stefnuskjöl og ráðleggingar um menntun til aðildarríkja. Áhrifaríkastar hafa trúlega verið tvær svokallaðar höfuðskýrslur kenndar við þáverandi formenn nefndarinnar „[The International Commission on the Futures of Education](#)“, sem samdi þær: Edgar Faure skýrslan (1972) *Learning to Be* og Jacques Delors skýrslan (1996) *Learning: The Treasure Within*. Þriðja höfuðskýrslan bættist í þessa röð árið 2021, *Reimagining our Futures Together: A New Social Contract for Education*, en Sahle-Work Zewde leiddi þá vinnu (UNESCO, 2021). Sú skýrsla er innlegg UNESCO í alþjóðlega umræðu nú á dögum og verður hún sérstaklega skoðuð hér.

Þar fyrir utan hafa stærri fundir og ráðstefnur sent frá sér yfirlýsingar þar sem brugðist er við stöðunni eins og þátttakendur ráðstefnanna meta hana á hverjum tíma. Nýjust slíkra yfirlýsinga kemur frá sjöundu [CONFINTEA](#)-ráðstefnunni sem var haldin í Marrakesh sumarið 2022: „Marrakech Framework for Action“ (UNESCO, 2022).

Alla tíð hafa verið skýr skilaboð frá UNESCO að ævimenntun spili miðlægt hlutverk í velferð einstaklinga og samfélaga. Umræddar skýrslur og yfirlýsingar draga sérstaklega fram nauðsyn þess að nálgast ævimenntun sem sjálfsögð réttindi allra og að ævimenntun sé gæði

sem allir eigi að hafa jafnan aðgang að. Nýjasta höfuðskýrslan leggur síðan sérstaka áherslu á að ævimenntun sé sameiginlegt verkefni samfélagsins alls: Ríkis, atvinnulífs, félagasamtaka og einstaklinga.

UNESCO kallar í skýrslu sinni *Reimagining our Futures Together: A New Social Contract for Education* eftir sameiginlegu átaki allra við að endurhugsa „hvers vegna, hvernig, hvað, hvenær og hvernig við lærum“ (UNESCO, 2021, bls. 1). Skýrslan leggur til í fyrsta lagi að tryggja beri rétt allra til gæða menntunar alla ævi og í öðru lagi að styrkja það almenna viðhorf að menntun sé skilin sem almenningsframtak (e. public endeavour) og sameiginleg gæði (e. common good). Það þýðir að viðfangsefnið er á ábyrgð allra, ekki aðeins skóla. Fjölmíðlar, félagasamtök, opinberar stofnanir og allir sem vettlingi geta valdið þurfi að skoða ábyrgð sína varðandi að stuðla að og styðja við ævimenntun fyrir alla. Hér taka samtökin skýra afstöðu gegn allsherjar skólahyggju og styðja við breiðari menntasýn, þar sem það er viðurkennt að fólk lærir, getur lært og á að fá stuðning til að læra alla ævi, við ólíkar aðstæður, ekki einungis formlegar og í skólum.

Í inngangi skýrslunnar kemur fram sameiginleg trú á að menntun geti verið grunnur endurnýjunar og umbreytinga í lífi einstaklinga og samfélaga. Skýrslan gengur út frá því að fyrri áköll UNESCO, t.d. þau frá 1972 og 1996 og allar götur síðan, um að tryggja beri öllum jafnan aðgang að menntun og um trú á umbreytandi möguleikum menntunar, hafi ekki náð fram að ganga. Skýrslan ítrekar mikilvægt hlutverk opinbera skólakerfisins en bendir þó á nauðsyn þess að það þróist og breytist, einmitt í ljósi ofangreindrar reynslu og stöðu mála í heiminum. Það sé umfram allt mikilvægt að halda í það góða sem hefur orðið til með því sem skýrslan nefnir „samfélagssáttmála um menntun“ og hefur verið við lýði í flestum samfélögum allt frá 19. öld. Nú sé þó kominn tími til að endurhugsa þennan sáttmála þannig að hann nái til alls samfélagsins og til náms á öllum skeiðum ævinnar. Þar kemur til kasta fullorðinsfræðslunnar.

Sahle-Work skýrslan er þannig ólík fyrri höfuðskýrslunum tveimur – Faure og Delors – að því leyti að hún ávarpar ekki fyrst og fremst ríkistjórnir, heldur alla sem koma að námi og menntun og segir verkefnið sem blasir við sameiginlegt verkefni allra.

Þegar kemur að tali um fullorðinsfræðslu í skýrslunni (í kafla 7 sem heitir því skemmtilega nafni: Menntun þvert á tíma og staði) er áhugavert að sjá hvernig höfundar sjá alla ævina, allt lífið og allt samfélagið sem vettvang náms og þrátt fyrir að viðurkenna mikilvægt hlutverk sérstaks frátekins staðar og tíma þar sem börn og unglingar geti lært og þroskast í öryggi sem samræmist þeirra þörfum – skólana, þá sé rétt og nauðsynlegt að lyfta upp þeirri staðreynd að allt umhverfi mannsins geti verið og sé menntandi námsumhverfi og að í náttúru, borgum, mannvirkjum og félagslegu samhengi þar sem fólk kemur saman til vinnu, frístunda eða annarra samskipta, búi tækifæri til lærdóms, sem þurfi að nýta, þróa og styðja. Nám fullorðinna fari fram í svo mörgum aðstæðum, stöðum og tímum: „Á sama hátt og manneskjan hættir aldrei að læra, þarf að útvíkka og dýpka skipulagða menntastarfsemi þannig að hún nái til allra æviskeiða og allra rýma“ (UNESCO, 2021, bls. 106). Þannig þurfi öll samfélög að útvíkka hugmyndir sínar um hvar og hvenær fólk menntist, og allir þátttakendur í samfélaginu að axla ábyrgð á að styðja við nám og lærdóm á þeim sviðum þar sem þeir bera ábyrgð, hvort sem það eru borgir, bæir, menningarlegar stofnanir, fyrirtæki eða félagasamtök; allir beri ábyrgð á að styðja við viðeigandi nám og lærdóm á þeim sviðum mannlífsins sem þeir hafi axlað ábyrgð á.

Skýrslan leggur þannig fyrst áherslu á **rétt allra til menntunar**. Það hafi þær hagnýtu afleiðingar að í tengslum við nám og menntun þurfi að ríkja menning inngildingar (e. ethics of inclusion) og allir sem þjóði og styðji við nám og menntun þurfi að skipuleggja það þannig að allir séu raunverulega velkomnir og að þeir dafni í því félagslega námsumhverfi sem þar er búið til. Allt of oft hafi skipulag náms verið þannig að fólk sem á einhvern hátt standi veikari fótum í tilverunni hrökklist burt. Því sé nauðsynlegt fyrir alla sem skipuleggja nám fyrir aðra að huga að því hvernig þeir taki á móti fólki sem stendur á einhvern hátt höllum fæti í samfélaginu, m.a. fólki með námsörðugleika, fötluðu fólki, innflytjendum og flóttafólki.

Skýrslan lýsir **menntun sem almenningsgæðum**. Það þýðir að ríkisvaldið þurfi að hafa leiðandi hlutverk í menntakerfinu öllu, m.a. með því að fjármagna menntakerfin á fullnægjandi hátt og með jafnræði að leiðarljósi. Þar að auki með því að skapa kerfi, hvata og reglur sem stuðli að jöfnuði og eðlilegri þróun menntatíloboða fyrir alla, alla ævi. Þar sem æ meiri hluti námsefnis er aðgengilegur á netinu hefur ríkið einnig hlutverk þar, með því að tryggja jafnan aðgang að menntandi gæðum á netinu. Stundum þarf ríkisvaldið að koma að þessu verkefni með því að búa til og halda úti nauðsynlegri þjónustu, svo sem leit, opnu aðgengi að námsefni (sbr. t.d. landsaðgang Íslendinga að alþjóðlegum gagnasöfnum) en einnig með fræðslu, stuðningi og þjónustu, t.d. við fólk sem vantar hæfni til að nálgast gagnlegt námsefni. Ekki má gleyma hvötum og stuðningi við gerð námsefnis sem er aðgengilegt öllum.

Skýrslan lýsir verkefninu menntun allra alla ævi líka sem **almenningsframtaki** og þar liggur eitt af því nýja sem kemur fram í skýrslunni: Það er ekki aðeins verkefni ríkisins að fjármagna, framkvæma og stuðla að námi og menntun alla ævi, heldur þarf „allar hendur á dekk“ ef einhver árangur á að nást. Skólar, fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök, kennarar, stjórnendur, verkstjórar og sjálfboðaliðar hafa hlutverk í menntun allra. Litlar líkur eru á að fyrirtæki og stofnanir haldi nýju starfsfólki, eða félagasamtök nái tilgangi sínum ef nýliðar fá ekki tilhlýðilega fræðslu og þjálfun. Þar koma saman þekking á vörum, þjónustu og aðferðum, leikni í öllum þáttum starfseminnar ásamt virði og gildismati sem tengjast verkefnunum, viðskiptavinum og jörðinni. Þannig hafa allir hlutverk þegar styðja á við ævinám.

Annað atriði, sem er nýtt í þessari skýrslu og hefur ekki komið eins sterkt inn í skýrslur UNESCO áður, er vitund fyrir **menntandi áhrifum náttúrunnar**. Þar ber að nefna menningarstrauma sem í gegnum aldirnar hafa haldið fast í tengsl manneskjunnar við náttúruna, viljað lifa í sátt við náttúruna og læra af henni. Þar má nefna menningu margra svokallaðra frumbyggja (e. indigenous peoples) sem allt frá heimsvaldatímabilinu hefur verið haldið niðri af vestrænum menningaröflum. Líka eru nýjar hugmyndir eins og svokölluð „líflíking“ eða biomimicry (Benyus, 2009), þegar ný tækni er þróuð og hugmyndir sóttar í ríki náttúrunnar að lausnum og leiðum. Slíkar hugmyndir eru skiljanlega sérlega mikilvægar þegar hugsað er til ábyrgðar núlifandi fólks gagnvart komandi kynslóðum.

Skýrslan hvetur til endurhugsunar um hvenær menntun á sér stað. Samfélagssáttmálinn um menntun hefur lengi takmarkast við að ríkið tryggi ókeypis nám fyrir börn og unglinga. Hugmyndin að baki er að samfélagið fjármagni grunnnám og jafni þannig aðstöðu fólks að komast af stað á vinnumarkað og takast á við verkefni fullorðinsáranna. Slík menntun dugði til að ráða við áskoranir lífsins eins og þær birtust flestum á 19. og 20. öld. Nú blasa við mjög örar breytingar og áskoranir sem eru samfélagslegs eðlis og eiga því ekki að vera á ábyrgð einstaklinga. Hamfarahlýnun þvingar til fólksflutninga, örar tæknibreytingar úrelða störf svo margir þurfa að læra til nýrra starfa og að uppfæra tæknikunnáttu sína örar en nokkru sinni



áður og lengri ævi leiðir til samfélagsbreytinga sem ekki sér fyrir endann á, þannig að allar kynslóðir þurfa að læra nýja hluti. Þessi dæmi eru trúlega aðeins „toppurinn á ísjakanum“ hvað varðar námsþarfir fólks í nálægri framtíð. Því liggur í augum uppi að samfélagið þarf að stuðla að jöfnum tækifærum fólks til að læra nýjar hugmyndir, aðferðir og viðhorf. Þar kallar skýrslan eftir að horft sé mun víðar á hlutverk og eðli menntunar sem umbreytandi afli í lífi fólks. Tæknihyggja þar sem áherslan var lengi vel á að þjálfra nýja leikni svo starfsfólk gæti haldið fyrirtækjum og stofnunum samkeppnishæfum á ekki lengur við. Fullorðinsfræðslan þarf að vera opin, breið og mennsk og snúast um að auka hæfni fólks til að takast á við lífið í heild sinni. Til þess þarf mun breiðara úrval markmiða og innihalds í menntunartilboðum en samfélagið hefur gjarnan lagt áherslu á til þessa. Sömuleiðis þarf menntakerfið að þróast þannig að það bjóði upp á sveigjanleika sem nýtist fólki sem þarf jafnvel að breyta algjörlega um stefnu oftast en einu sinni á ævinni. Hér kemur notkun stafrænna miðla að góðum notum, sem allir í hinum ólíku kimum menntakerfisins þurfa að finna skapandi og mann-  
eskjulegar leiðir til að nýta þegar þeir styðja við nám og þroska allra.

Kaflinn um fullorðinsfræðslu endar í samantekt með fjórum áskorunum (UNESCO, 2021, bls. 117):

- Allir á öllum æviskeiðum eiga að hafa aðgang að merkingarbærum menntatilboðum
- Heilbriggt námsumhverfi sameinar náttúru, manngert áþreifanlegt umhverfi og stafrænt
- Samfélög þurfa að styrkja möguleika samneyslunnar á að móta og fjármagna viðeigandi menntunartilboð
- Réttinn til náms þarf að breikka og lengja út ævina

#### 3.4.1. Marrakesh-yfirlýsingin

Þriðja höfuðskýrsla UNESCO sem lýst hefur verið hér að framan er skrifuð með ævina alla í sigti en jafnframt greinilega áherslu á nauðsyn þess að styrkja og þróa fyrirbyggjandi grunnmenntakerfi. Þar má sjá skýra sýn fyrir möguleg áhrif menntunar á framtíðina og hlutverk allra sem koma að menntamálum almennt. Nýrri yfirlýsing sem beint er sérstaklega að námi fullorðinna kemur frá [sjöundu alheimsráðstefnu UNESCO](#) um nám og menntun fullorðinna: **CONFINTEA VII**. Nafn ráðstefnunnar kemur frá franski skammstöfun ráðstefnutílsins: **CONF**érence **INT**ernationale sur l'Education des **Adultes**, en slíkar ráðstefnur hafa verið haldnar reglulega frá árinu 1948. Þar koma fulltrúar meðlimaríkja Sameinuðu þjóðanna saman til að ræða hvernig fullorðinsfræðsla geti stuðlað að friði í heiminum og gagnkvæmum skilningi milli þjóða. Á sjöundu ráðstefnunni í Marrakesh sumarið 2022 komu þátttakendur sér saman um yfirlýsingu sem byggir á fyrri yfirlýsingum UNESCO um nám og menntun en með áherslu á hlutverk fullorðinsfræðslu nú um stundir. Yfirlýsing ráðstefnunnar, „Marrakech Framework for Action (MFA): Harnessing the Transformational Power of Adult Learning and Education“ (UNESCO, 2022) setur fram nokkrar meginreglur og áherslur.

Eins og fyrr segir byggir MFA á fyrri yfirlýsingum UNESCO um menntun um leið og áætluin byggir á þeim meginreglum að nám fullorðinna muni eiga stóran þátt í að þjóðir heims geti náð markmiðum um sjálfbæra þróun, en SDG4 er dæmi um það. Fullorðinsfræðsla mun leika lykilhlutverk þegar byggja á nýjan samfélagssáttmála um nám. Til þess að það megi gerast þarf að halda áfram við að auka læsi allra, þjálfra allar tegundir læsis og stuðla að samfélagslegu námi, þar sem fólk lærir um menningu sína og náttúru þannig að það geti axlað ábyrgð sem fullorðnir aðilar í samfélaginu. Þetta kallar þá líka á jafnt aðgengi allra að

tækifærum til náms og menntunar. Fullorðinsfræðslan þarf t.d. að vera vettvangur þar sem fólk lærir fyrir breytt og ný störf á síbreytilegum vinnumarkaði. Það kallar á tilboð til menntunar sem eru sveigjanleg og nýtast fullorðnum í þeim ólíku, fjölbreyttu og krefjandi aðstæðum sem flestir fullorðnir finna sig í. Forsenda fyrir þessu er að skapa menningu ævináms þar sem allir reikna með að vera stöðugt að læra. Hér passar yfirlýsing þýsku fullorðinsfræðslusamtakanna frá 1960 mjög vel: „Menntaður, í skilningi fullorðinsfræðslunnar, verður sérhver sem leggur sig stöðugt fram um skilja sjálfan sig, samfélagið og heiminn og að lifa í samræmi við þann skilning.“ (Faber, 1981)

Slíkur almennur skilningur á menntun á fullorðinsárum leggur grunn að umhverfi þar sem fjölbreytt tækifæri til náms eru í boði um fjölda málefna sem tengjast þörfum og áhuga fullorðins fólks og aðstæðum í samfélaginu á hverjum tíma.

Ráðstefnan lagði til aðgerðir. Röksemdafærslu fyrir þeim má sjá í textanum um höfuðskýrsluna hér að framan. Hér eru helstu áherslur:

- Stuðla að römmum, fjármögnun og stjórnun sem styður við nám fullorðinna
- Endurhanna kerfin sem styðja við nám fullorðinna og menntun
- Tryggja gæði fræðslunnar
- Auka fjármögnun
- Stuðla að inngildingu
- Víkka samhengi og viðfangsefni náms

Að lokum leggur aðgerðaáætlunin til alþjóðlegt samstarf til að styðja við framkvæmd aðgerðanna og eftirlit. Þar eru þegar við lýði gangasöfnunarferli eins og GRALE en niðurstöður þeirra birtast í skýrslum með nýjustu tölum um það sem er að gerast í fullorðinsfræðslu um heim allan. Þátttaka í slíkri gagnasöfnun kallar þó á tiltekið skipulag við öflun gagna í hverju landi fyrir sig. [Sjá yfirlit um slíkar skýrslur.](#)

### 3.5. OECD

Efnahags- og framfarastofnunin eða The Organisation for Economic Co-operation and Development (OECD) hefur sömuleiðis unnið markvisst að því að styðja aðildarríki við þróun menntamála. Eins og nafn stofnunarinnar gefur til kynna er áhersla hennar á málefni sem snúa að efnahagslegri þróun samfélaga. Þannig má gjarnan sjá skýr áhrif frá þörfum atvinnulífsins fyrir fólk sem hefur yfir að ráða hæfni sem atvinnulífið þarf til að dafna og þróast. Slíkar áherslur hafa verið áberandi bæði í skrifum frá OECD og Evrópusambandinu og hafa þær verið ríkjandi í stefnumótun varðandi menntun og ævimenntun um allan heim undanfarna áratugi.

OECD hefur haft áhrif á alla umræðu um menntun að miklu leyti í gegnum stofnanir sínar, verkefni eða verkfæri. Þekktust eru verkfæri byggð á alþjóðlegum könnunum þar sem OECD safnar upplýsingum og ber saman menntakerfi ólíkra landa. Þar má helst nefna:

- [Programme for International Student Assessment \(PISA\)](#) Alþjóðleg samburðarkönnun á hæfni 15 ára nemenda víða um heim.
- [Education at a glance](#) Reglulegar skýrslur um stöðu mála í menntamálum heimsins. Hér er ríkjum heimsins raðað upp í töflur eftir ólíkum mælikvörðum um framlög til menntamála og árangurs menntastarfseminnar. Tölur úr þessum könnunum um

hlutfall fólks á vinnumarkaði sem hefur ekki lokið framhaldsskólamenntun hafa til dæmis haft mikil áhrif á stefnu íslenskra stjórnvalda um framhaldsfræðslu.

- [Survey of Adult Skills \(PIAAC\)](#) Alþjóðleg könnun á hæfni fullorðinna og áhrifum hæfnistigs á vinnumarkaðinn (24 lönd tóku þátt í fyrstu umferð 2010–2011, 33 tóku þátt í annarri umferð (2014–2015). Ísland hefur ekki tekið þátt í þessari könnun.
- [Teaching and Learning International Survey \(TALIS\)](#) Alþjóðleg könnun sem kannar starfsaðstæður og umhverfi kennara og skólustjórna.

Kannanir sem þessar gefa stjórnvöldum og stefnumótendum vissulega gagnlegar upplýsingar og þær geta verið hvati til aðgerða. Þannig áttu tölur úr *Education at a Glance* þátt í átaki íslenskra stjórnvalda til að hækka menntunarstig fólks með stutta skólagöngu að baki, sem m.a. leiddi til stofnunar Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA), útgáfu laga um framhaldsfræðslu 2010, þróun raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar, svo eitthvað sé nefnt. Á sama tíma geta slíkar tölur og samkeppni í kring um þær þrengt sjónarhornið og leitt til þess að mikilvæg málefni verði útundan.

Vinsælt hugtak í skýrslum OECD er „skills“ eða leikni á meðan hugtakið „menntun“ eða education virðist vera ríkjandi í efni frá UNESCO (Google-leit leiðir í ljós hlutfall notkunar hugtakanna leikni/menntun er er 1/5 á vef UNESCO meðan það er 1/2 hjá OECD).

Valgerður S. Bjarnadóttir (2022) dregur fram ólík sjónarhorn og áherslur sem koma fram í stefnuskjölum OECD og UNESCO, og nefnir þar sérstaklega litla áherslu OECD á nauðsyn þess að rétta stöðu jaðarsettra í samfélaginu og þeirra sem einhverra hluta vegna eiga ekki eins greiða leið í gegnum menntakerfi nútímans eins og aðrir. Samanburður á nýjustu skjölum um framtíð menntunar frá OECD, svo sem *Building the Future of Education* (2023) og skjalinu sem Valgerður greindi, *The Future of Education and Skills: Education 2030: The Future we Want* (OECD, 2018) leiðir í ljós það sama og aðrir greinendur hafa nefnt (sbr. Biesta, 2022) að undanfarin ár hefur OECD oftast en áður bent á nauðsyn þess að jafna aðgengi að menntun og styðja jaðarsetta hópa til mennta.

Í skýrslunni *Building the Future of Education* (OECD, 2023) kemur fram að í ljósi allra þeirra breytinga sem hafa orðið á samfélaginu sé ævinám nokkuð sem allir muni reikna með. Fólk geti ekki lengur rekið menntakerfi sem „hleður“ fólk upp í æsku og það lifir svo á þeirri hleðslu það sem eftir er. Breytt samfélag kalli á breytingar í stefnu, kerfum og framkvæmd menntunar í öllu samfélaginu. Hér gengur OECD jafnvel svo langt að ríma við þriðju höfuðskýrslu UNESCO og lýsa því yfir að menntun sé breytingaafli einmitt þegar þörf er fyrir *nýjan samfélagssáttmála*. Hjá UNESCO er kallað eftir nýjum samfélagssáttmála um menntun, á meðan OECD segir menntun vera grunninn að nýjum samfélagssáttmála sem taki við af þeim samfélagssáttmála sem sá menntun sem jöfnunartæki og leið til að vinna sig upp í samfélaginu. Nú sé ekki lengur línulegt samband milli árafjölda sem einstaklingur er í menntakerfinu og félagslegrar og fjárhagslegrar stöðu hans í samfélaginu. Það leiði til þess að margir missi trúna á umbreytandi áhrifum menntunar og efnahagslegum ábata af menntun (OECD, 2023). Þessu má finna stað í vantrú margra sem hafa styttri skólagöngu og margar rannsóknir á þátttöku hafa leitt í ljós (sjá t.d. Manninen, 2004). Annað dæmi er nýleg kjarabaráttá þar sem stéttarfélög fara fram á að menntunarstig sé metið til launa, á sama tíma og æ fleiri fyrirtæki og stofnanir vilja frekar meta hæfni og jafnvel einfaldlega (fjárhagslegt) framlag einstaklings til skipulagseiningarinnar en menntunarstig eða starfsaldur. Í atvinnulífinu heyrir þannig gjarnan að námsgráða sé ekki (lengur) trygging fyrir hæfni. Þessum og fleiri breytingum á samfélaginu lýsir skýrslan og kallar jafnframt eftir

viðeigandi viðbrögðum þeirra sem hafa áhrif til að þróa menntun og menntakerfi svo þau þjóni fólki og samfélagi þeirra betur.

Helmingur skýrslunnar útlistar hugmyndir OECD um alþjóðlegt samstarf sem stofnunin geti átt milligöngu um. OECD sér það sem hlutverk sitt að tengja saman fólk sem kemur að menntamálum víða um heim og til þess að styrkja aðildarlöndin í að þróa menntakerfi sín til að geta mætt þeim áskorunum sem blasi við. Skýrslan lýsir eftirfarandi átta þemum og leggur til að skoða þau nánar. Fyrir samhengi þessarar skýrslu gæti verið gagnlegt að nýta þessar hugmyndir til að hugsa um hvaða atriði væri þess virði að vinna með varðandi framtíð fullorðinsfræðslu á Íslandi:

1. Styrkja félagslegan ávinning af menntun
2. Nálgast nám á samþættandi hátt og af jafnvægi
3. Gera ævinám að leiðarljósi menntakerfisins
4. Auka skilning á hvernig fólk lærir
5. Sjá ævinám og ævimenntun út fyrir formlega kerfið
6. Víkka hugmyndir um jafnræði, jöfnuð og inngildingu
7. Bæta hagkvæmni í menntakerfinu
8. Leggja áherslu á nýsköpun

### 3.6. Miðlæg þemu hjá alþjóðastofnunum

Þær skýrslur frá OECD og UNESCO, sem kynntar hafa verið hér að framan, eru nokkuð sammála um áskoranir. Miðlæg þemu sem skýrslurnar benda á að séu þess virði að vinna að í ljósi áskorananna eru áþekkar, með áherslumun þó. Hér fyrir neðan eru dregnar saman helstu þemu sem skýrslurnar benda á og tengjast stefnumótun um menntun fullorðinna á Íslandi:

- Menntun fyrir öll
- Skýr stuðningur við ævinám
- Gæðanám
- Fjölbreytt úrval námstækifæra
- Þjálfun yfirfæranlegrar hæfni

#### 3.6.1. Menntun fyrir alla

Það hefur lengi verið skýr og miðlæg sýn Sameinuðu þjóðanna menntun sé mannréttindi; að allir eigi rétt á gæðamenntun. Sömuleiðis er hugmyndin um að menntun sé æviverkefni allra þrástef í skjölum UNESCO. Nýjasta stefnuskjal UNESCO, Sahle-Work-skýrslan svonefnda, (UNESCO, 2021) hefst á hvatningu til að standa við fyrri loforð þannig að menntakerfi heimsins verði vettvangur náms fyrir alla borgara, að allir hafi rétt á viðeigandi menntun og að umbreytandi máttur menntunar nái fram að ganga. Núorðið er OECD einnig farið að leggja áherslu á ævimenntun og jöfnuð til menntunar. Til þess að það geti orðið að veruleika þurfi að leggja sérstaka áherslu á að skapa öllum rými í skólum og öðrum menntastofnunum, líka þeim sem almennt hafa orðið útundan, verið jaðarsettir í kerfinu eða hafa hrökklast burt.

Hugmyndin um ævinám er alls ekki ný. Johan Amos Comenius skrifaði þegar á 17. öld um sjö skóla ævinnar í bók sinni *Pampaedia* (Comenius, 1986) þar sem skóli dauðans er sá síðasti. Hugmyndin, eða hugmyndafræðin um ævinám, varð þó fyrst áberandi í alþjóðlegri umræðu

á 7. áratug síðustu aldar (sjá t.d. Kallen, 1996). Greinilegt er á þeim skýrslum sem greindar voru og öðrum nýjum skýrslum og stefnuskjölum að nú þykir kominn tími til að stilla menntakerfin þannig að ævinám sé sjálfgefin (e. default) stilling í kerfinu en ekki undantekning. Á Íslandi myndi það þýða eitt menntakerfi sem rúmar allt nám; leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla, 4. þrepíð, háskóla og fullorðinsfræðslu, sömuleiðis bæði formlegt og óformlegt nám. Tvær nýlegar skýrslur um framhaldsfræðsluna nefna þannig framhaldsfræðslu sem fimmtu stoð íslenska menntakerfisins (Guðrún Ragnarsdóttir o.fl., 2015; Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2014a). Þannig má sjá fyrir sér kerfi þar sem allir þátttakendur sjá fyrir sér opna möguleika sem styðja fólk til að þróa með sér hæfni og að læra sér til gagns alla ævi. Í slíku kerfi þurfa skipuleggjendur náms að sjá fyrir fjölbreytilega hreyfingu fólks á milli kerfa, þar sem sumir byrja upp á nýtt og aðrir fara þvert á þau. Sumir stunda nám sem fullt starf, aðrir taka nám með vinnu, nám í vinnu, hlutanám eða einstök námskeið. Menntakerfi þurfi þannig að koma sér upp ferlum til að meta hæfni fólks á móti hæfniviðmiðum námsleiða, stytta nám á grundvelli raunfærnimats og veita skírteini sem nýtast til að sýna fram á áunna hæfni. Jafnframt þurfi að vera í kerfinu hvatar sem styðja alls konar skipulagsheildir til að stuðla að menntun þeirra sem þær þjóna.

### 3.6.2. Skýr stuðningur við ævinám; fjárhagslegur og kerfislægur

Bæði stefnuskjöl UNESCO og OECD benda á að auka þurfi fjármagn í menntakerfið, finna leiðir til að nýta fjármagn vel og skapa ramma, kerfi, kröfur og stuðning þannig að allir aðilar, einnig fyrirtæki og félagasamtök, axli sína ábyrgð og skipuleggi starfsemi sína þannig að starfsfólk, meðlimir og þátttakendur fái tækifæri til að þroska alls konar hæfni sem nýtist í lífinu. Sjá má fyrir sér tvö möguleg dæmi úr íslenskum veruleika: Ungt fólk sem vinnur við þjónustustörf t.d. meðfram skóla, sé ekki aðeins notað sem ódýrt útskiptanlegt vinnuafli, heldur fái skipulagða þjálfun sem hefur tilgang og merkingu fyrir allt lífið. Fyrirtæki gætu séð það sem skyldu sína að taka þátt í að mennta unga fólkíð sem vinnur fyrir þau. Þau gætu líka séð það sem ávinning fyrir fyrirtækið ef það skapaði sér það orðspor að fólk sem hafi unnið hjá þeim hafi öðlast ákveðna hæfni og þroskað með sér viðhorf sem séu eftirsóknarverð og nýtist víða annars staðar. Sömuleiðis gætu leiðtogar í félagasamtökum fengið skipulagða þjálfun og menntun sem styrkir þá í leiðtogahlutverkinu og sem nýtist í lífinu öllu. Slíkt óformlegt og formlaust nám megi jafnvel meta inn í námsferla í formlega skólakerfinu.

Til þess að þetta gerist þarf að búa til skýra ramma, reglur og kerfi, t.d. skýrari, jafnari leiðir til að ljúka námi á 2. eða 3. þrepi íslenska hæfnirammans. Þannig ætti að vera auðsótt að bæta við sig námskeiðum / einingum sem vantar til að komast áfram í tiltekið nám á næstu námsstigum. Dæmi: Nú þegar öll námslok á 3. þrepi standa jafnfætis, munu umsækjendur um nám á 5. þrepi víða upplifa hindranir þar sem sumar námsleiðir á 5. þrepi gera kröfur um ákveðinn fjölda eininga í tilteknum námsgreinum á 3. þrepi. Eigi fólk að geta farið frjálst á milli námsleiða þurfa að vera til skýrar og skiljanlegar leiðir til að auka hæfni sína í tilteknum fögum til að geta haldið áfram námi. Sömuleiðis þarf aðgengi að raunfærnimati, stöðu- prófum og svipuðu að vera tryggt í öllu skólakerfinu.

### 3.6.3. Gæðanám

Skýrslur UNESCO og OECD setja allar fram skýrar kröfur um gæði í menntamálum. Skýrar leiðir til að auka og tryggja gæði í fræðslumálum eru sérlega mikilvægar nú á tímum mikils framboðs upplýsinga á netinu sem eru af alls konar gæðum og geta leitt til upplýsingaóreiðu. Allir aðilar; stofnanir, kennarar, nemendur, foreldrar, vinnuveitendur, fjölmiðlar og fleiri, eru þátttakendur í lífi sem kallar á að allir séu stöðugt að læra. Allir koma að því að stuðla að

gæðum náms á öllum skeiðum lífsins, með því að skapa gæðamenningu þar sem er metnaður og aðhald má stuðla að gæðum alls staðar. Ríkið – og fleiri – geta stutt slíkt starf með því að láta útbúa gagnleg verkfæri og skapa tækifæri til stuðnings við gæðavinnu á öllum stigum.

#### 3.6.4. Fjölbreytt úrval námstækifæra

Alþjóðastofnanirnar leggja áherslu á nám og menntun alla ævi, en líka ævibreitt. Það þýðir að þeir, sem skapi kerfi, hugi að hvötum og stuðningi ásamt að reikna með að jafnvel þegar ríður á að auka hæfni á vinnumarkaði þurfi fræðslutilboð sem spanni alla vídd mannlegrar tilveru. Ekki er vænlegt til árangurs að smætta manneskjur niður í framleiðslueiningar sem þurfi einungis að laga til svo hjól atvinnulífsins snúist smurt. Atvinnulífið er hluti af mannlegu lífi en ekki öfugt, og manneskjur sem taka þátt í atvinnulífinu hafa fjölbreytta hæfileika og þarfir sem þarf að rækta heildrænt.

Það er skýrt af lestri nýjustu skýrslanna, einum þeirra frá UNESCO, að þau sem hafa áhrif á menntakerfi eru hvött til að finna leiðir til að láta þau rúma fjölbreytilegt framboð námstilboða. Seinustu áratugi hefur áherslan í umræðu um nám og menntun snúist um hæfni á vinnumarkaði. Markmiðin hafa verið að þjálfa fólk með það fyrir augum að atvinnulífið sé samkeppnishæft. Með þessu móti hefur viðhorf til menntunar orðið tæknilegt, menntun hefur verið gerð að verkfæri stjórnvalda og vinnuveitenda til að móta fólk að sínum þörfum, en það hefur sýnt sig að virkar ekki. Rétturinn til ævináms breyttist í skyldunám alla ævi! Ofangreindar skýrslur leggja áherslu á að breikka þurfi nálgunina til náms og þjálfunar. Hugmyndir um að vilja aðeins fjármagna nám sem „gagnast beint í starfi“ þykja orðnar of þröngar og byggja á litlum skilningi á því sem menntun er og getur verið. Með því að bjóða upp á fjölbreytt úrval námstilboða, einnig tilboða sem falla undir flokka eins og „almenna menntun“, „frístundanám“, „tómstundanám“, sem víða erlendis er kallað „liberal adult education“, „folkbildning“, er verið að styðja við ævinám allra og styrkja einstaklinga á öllum sviðum lífsins. Það hefur líka jákvæð áhrif á atvinnulífið.

#### 3.6.5. Þjálfum yfirfæranlega hæfni

Skýrslurnar sem greindar voru kalla eftir menntun til sjálfbærni og hvetja til að fræðslutilboð innihaldi þjálfun í svokallaðri 21. aldar hæfni. Sömuleiðis kalla aðrar skýrslur og stefnur eftir því að skipulagt nám leiði til þess að þátttakendur auki hæfni sína á sviðum sem nýtast í lífinu, óháð nákvæmu innihaldi námsferlisins. Þannig læri þátttakendur á námskeiði um kínverska matargerð líka að leita upplýsinga á netinu, vega og meta gæði upplýsinganna og jafnvel reikna hlutföll, þyngd og fleira. Það er gömul hefð í fullorðinsfræðslu að allt fræðslustarf hafi – umfram yfirlýst markmið námsferlisins – einnig þann tilgang að kenna fólki að læra. Núorðið eru kröfur um slíkt orðnar mun víðari og skýrari. Atvinnulífið, fjölskyldur og plánetan kalla eftir samskiptahæfni, kerfishugsun, einbeitingarhæfni, hæfni til að mynda sambönd, umhverfisvitund, borgaravitund, upplýsingalæsi, stafrænu læsi o.s.frv. Allt skólakerfið þarf að styðja við slíkt fjölbreytt „læsi“ borgaranna í sinni víðustu mynd. Eigi að takast að breyta viðhorfum og hæfni fólks gagnvart þeim miklu og hröðu breytingum sem framundan eru þurfa markmið af þessum toga einnig að fá rými í venjulegum námsferlum en einnig þannig að fólk t.d. á efri árum fái tækifæri til að þjálfa nauðsynlega tæknilega hæfni til að geta tekið þátt í samfélaginu sem sjálfstæðir einstaklingar.

## 4. Íslensk lög og stefnuskjöl

Í þessum kafla er gefið yfirlit um lög um fullorðinsfræðslu á Íslandi, frumvörp og stefnuskjöl. Þau eru svo sett í samhengi við íslenskar rannsóknir á sviðinu.

### 4.1. Lög um fullorðinsfræðslu

Fimm sinnum hafa verið sett lög sem ná yfir almenna fullorðinsfræðslu eða afmörkuð svið hennar.

Yfirlit um greind skjöl, 5 lög og 4 lagafrumvörp, og 12 stefnuskjöl frá 1998–2021

- 27/2010: Lög um framhaldsfræðslu – Katrín Jakobsdóttir
  - 262/138 stjórnarfrumvarp: framhaldsfræðsla – Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
  - Reglugerð um framhaldsfræðslu (nr. 1163/2011)
- 47/1992: Lög um almenna fullorðinsfræðslu – Ólafur G. Einarsson (felld úr gildi 11. júní 1996 með lögum nr. 80/1996 um framhaldsskóla).
  - Reglugerð um fullorðinsfræðslu og endurmenntun – Brottfallin 1997
  - 1029/112 stjórnarfrumvarp: 1989–1990 fullorðinsfræðsla – Svavar Gestsson
  - Frumvarp til laga 1980: Fullorðinsfræðsla – Vilmundur Gylfason
  - Frumvarp til laga 1974: Fullorðinsfræðsla – Vilhjálmur Hjálmarsson
- 65/2019: Lög um lýðskóla
- 60/1989: Lög um Félagsmálaskóla alþýðu
- 15/1992: Lög um starfsmenntun í atvinnulífinu (leyst af hólmi með lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010)

### 4.2. Íslensk stefnuskjöl á sviði fullorðinsfræðslu

Síðan 1998 hafa stjórnvöld kallað eftir skýrslum eða skipað starfshópa til að skrifa stefnuskjöl sem innlegg í stefnumörkun á sviði fullorðinsfræðslu til framtíðar eða lýsa stefnu stjórnvalda í þessum málum. Í þessari skýrslu var litið til 12 slíkra skjala en 6 þeirra greind nánar, þau eru feitletruð í listanum hér fyrir neðan:

(1998) **Símenntun – Afl á nýrri öld**, álit nefndar um símenntun

(2000) *Menntun og menning fyrir alla: Verkefnaáætlun 1999–2003*

(2007) *Menntun í mótun: Þróun menntastefnu á Íslandi í evrópsku samhengi*

(2010) **Mótun stefnu um nám alla ævi: Þróun menntastefnu á Íslandi í evrópsku samhengi**

(2012) *Tillögur um staðsetningu námsloka á hæfniprep í íslenskum viðmiðaramma*

(2014) *Hvítbók um umbætur í menntun*

(2014) **Stærsta efnahagsmálið: Sóknarfæri í menntun**

(2015) **Skýrsla verkefnahóps um fullorðins- og framhaldsfræðslu**

(2016) *Niðurstæða verkefnishóps um fagháskólanám*

(2020) *Vísinda- og tæknistefna 2020–2022*

(2021) **Menntastefna 2030**

(2021) *Menntastefna 2030, fyrsta aðgerðaáætlun 2021–2024*

### 4.3. Stefna, fyrri lög og framkvæmd

Hér á eftir eru fyrri stefnuplögg og lög og sett í samhengi. Aðferðum orðræðugreiningar er beitt til að finna þrástef og þöggun. Sömuleiðis er kannað hvaða hugmyndir liggja að baki stefnum og lögum. Hugmyndirnar eru síðan settar í alþjóðlegt samhengi.

#### 4.3.1. Hækkað menntunarstig

Áberandi þrástef í skýrslum og stefnuskjölum sem greind voru er menntunarstig á íslenskum vinnumarkaði. Árið 2008 lýsti ríkisstjórnin yfir að hún stefndi að eftirfarandi: „Að hlutfall Íslendinga á aldrinum 25–64 ára sem ekki hafa formlega framhaldsmenntun fari úr 30% niður í 10% árið 2020.“ (Forsætisráðuneytið, 2008). Þessi sama ákvörðun kom einnig síðar fram í stefnu ríkisstjórnarinnar „Ísland 2020 – sókn fyrir atvinnulíf og samfélag. Þekking, sjálfbærni, velferð“ (Forsætisráðuneytið, 2011). Núverandi lög um framhaldsfræðslu (nr. 27/2010) eru í takt við markmið ríkisstjórnarinnar á þessum tíma. Öll átta markmið laganna snúast um hækkun menntunarstigs í landinu.

Fræðslustarfsemi á vegum símenntunarmiðstöðva landsins hefur að miklu leyti tekið mið af lögnum, enda hefur fjármagn fylgt námskrám og öðrum verkfærum framhaldsfræðslunnar. Úttekt á framhaldsfræðslukerfinu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014a) kemst að þeirri niðurstöðu að „framhaldsfræðslukerfið eins og það er afmarkað í lögum [hafi] náð þeim markmiðum sem sett eru í markmiðskafla laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu“ (bls. 3). Einnig að færa megi fyrir því „sterk rök að til sé orðið kerfi sem getur haft þau áhrif að „breyta lífi þátttakenda““ (bls. 3).

Tölur úr skýrslu OECD, *Education at a Glance* (2022) sýna að 21% fólks á aldrinum 25–64 ára hafi ekki formlega lokið framhaldsskólamenntun, þannig að enn vantar upp á að ofangreind markmið ríkisstjórnarinnar náist. Miklar líkur eru á að framhaldsfræðslan hafi haft áhrif á þessar tölur en einnig sú staðreynd að herra hlutfall nemenda útskrifast nú úr framhaldsskólum en fyrir 10–15 árum (Hagstofa Íslands, 2019).

#### 4.3.2. Menntun fyrir alla

Í menntastefnu 2030 er áherslan á *jöfn tækifæri* fyrir alla í merkingunni að mæta fjölbreytilegum þörfum nemendahóps með áherslu á ungt fólk. Þá koma inn landsbyggðarsjónarmið og viðurkenning á fjölbreytni, einkum með tilliti til menningarlegs uppruna nemenda. Fullorðnir koma til tals í stefnunni þegar skrifað er um að tryggja möguleika fólks til að uppfæra þekkingu sína og leikni til að mæta breytingum í atvinnuháttum. Fullorðnir og menntun þeirra kemur varla fyrir í stefnunni og enn síður í aðgerðaáætlun sem tengist stefnunni. Fullorðnir innflytjendur og aðgengi þeirra að upplýsingum og gagnlegu námsefni er nefnt og fullorðnir koma við sögu varðandi aðgerð sem snýr að mótun hæfnistefnu til framtíðar. Á meðan stefnan skoðar innviði grunn- og framhaldsskóla nokkuð náið er nám fólks á fullorðinsárum fyrst og fremst nefnt á almennum nótum.



Menntun fyrir alla er þrástef í gegnum helstu stefnuskjöl yfirvalda. Merkingin virðist þó vera á að menntun sé fyrir alla *þvert á kynslóðir ungs fólks*, frekar en að allir á öllum aldri skuli hafa aðgang eða aðgengi að viðeigandi námstilboðum. Þetta er nokkuð greinilegt í aðgerðaáætluninni *Menntun fyrir alla* (Mennarmálaráðuneytið, 2000):

Komið verði til móts við þarfir einstaklinga, bæði þeirra sem höllum fæti standa sem og hinna sem standa betur að vígi. Forgangsverkefni eru aukin þjónusta við lesblinda nemendur og stuðningur við fötluð börn og nýbúa. (bls. 12)

Í sérstökum kafla um „Endurmenntun, símenntun og fullorðinsfræðslu“ er stefnt að því að gefa fullorðnum annað tækifæri til náms, að stuðla að fjölbreyttum námstilboðum og aðgengi að námi um allt land, með stofnun símenntunarmiðstöðva (bls. 19).

*Hvítbók um umbætur í menntun* (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2014b) var ætlað að vera „grundvöllur frekari umræðna og samráðs við alla þá sem hag hafa af menntun“ (bls. 3), en þegar fjallað er um menntakerfið koma fyrst og fremst leik-, grunn- og framhaldsskóli til umfjöllunar. Fullorðnir eru nefndir fyrst og fremst sem lokaafurð, unga fólkið verður fullorðið að lokum og tölur um fullorðna hafa þann tilgang að sýna hvaða áhrif ólíkar niðurstöður í námi barna hafa á líf eða mælingar í lífi fullorðinna. Hér er greinilega horft mjög þröngt til menntunar, ævimenntun er ekki nefnd á nafn sérstaklega, aðeins „hæfnin til að geta lært alla ævi“ (bls. 7) í umræðu um hæfni. Ævinám kemur til sögunnar í tengslum við „stefn[u] ráðuneytisins um nám alla ævi“ (bls. 35) í kafla um framhaldsfræðslu sem leið fyrir fullorðið fólk til að ljúka námi sem það hvarf frá.

Hvítbókin byggir að miklu leyti á samanburði við önnur lönd. Niðurstöður úr verkfærum OECD eru veigamiklar í röksemdafærslu skýrslunnar. Framtíðarsýn skýrslunnar er að „ungt fólk á Íslandi hafi sömu möguleika til þess að lifa og starfa í síbreytilegum heimi og jafnaldrar þess í löndum sem við viljum bera okkur saman við“ (bls. 3). Lítið fer fyrir umfjöllun um framtíðarsýn þar sem fullorðið fólk hafi tækifæri til að breyta um kúrs, auka hæfni sína og þroskast alla ævi með aðgengi að viðeigandi námstilboðum.

#### 4.3.3. Hæfni fyrir vinnumarkaðinn

Annað þrástef í stefnuskjölunum er „hæfni fyrir vinnumarkaðinn“. Skiljanlegt er að þeir sem horfa til símenntunar á Íslandi líti þangað, enda er vinnumarkaðurinn undirstaða afkomu fólks og kjarninn í lífi og afkomu allflestra. Þá má segja að gróskan og þróun fullorðinsfræðslu á Íslandi frá aldamótum hafi átt sér stað í gegnum samvinnu ríkis, stéttarféлага og atvinnuveitenda. Í gegnum þeirra samvinnu við gerð kjarasamninga átti sér stað mjög áhugaverð þróun í tengslum við menntun og fjármögnun hennar (sjá t.d. Halldór Grönvold, 2016). Gott dæmi um þetta er að finna í *Menntastefnu 2030*:

##### C.8. Menntun alla ævi.

Góð og fjölbreytt menntun á öllum skólastigum og aðgengi fólks á öllum æviskeiðum að menntun er forsenda fyrir því að á Íslandi búi fólk með þekkingu og færni til að leita nýrra leiða og skapa ný tækifæri. Hún stuðlar að því að samfélagið geti brugðist við örum og sífelldum breytingum á atvinnuháttum og tryggir starfsþróun og hreyfanleika á vinnumarkaði. (Þingskjal nr. 310 2020-2021)

#### 4.3.4. Þemu sem sjaldnar eru nefnd

Í ljósi umræðu um áskoranir hér að framan verður þögn stefnuskjala og laga um þessi þemu nokkuð áberandi:

- **Innflytjendur og nám ætlað þeim:** Í stefnuskjölunum greind voru er almennt sjaldan fjallað um nám ætlað innflytjendum og flóttafólki. Íslenskunám er þó stundum nefnt.
- **Flóttafólk** er enn sjaldnar nefnt á nafn í stefnuskjölum um menntun.
- **Fólk sem hefur misst af eða orðið útundan í stafrænni þróun samfélagsins** fær einnig lítið rými í stefnuskjölum. Þessi „hópur“ fólks passar nefnilega ekki undir flokkunina „Fólk með stutta formlega skólagöngu“ því hann nær þvert yfir öll menntunarstig. Hætta er á að þessi hópur einangrist ef ekki tekst að styrkja fólk sem hefur lítið vald á stafrænum verkfærum nútímans til að nýta þau til að vera áfram virk í samfélaginu.
- **Fólk sem hefur misst, er að missa eða mun missa vinnu sína vegna úreldingar starfa og breytinga** Þessi hópur er skiljanlega nefndur í skýrslu um fjórðu iðnbyltinguna. Vandinn við hana er að hún – eins og margar aðrar svipaðar skýrslur – sá alls ekki fyrir byltingarkennd áhrif stórra mállíkana (large language models) á störf vel menntaðs fólks. Hverju sem því líður þarf fullorðinsfræðsla á Íslandi að taka mið af því að margir eiga eftir að missa störf eða störf þeirra breytast vegna tækninnar. Fullorðinsfræðslan þarf að skapa þessu fólki vettvang til að finna sér nýjar leiðir. Lítið ber á umræðu um þennan veruleika í stefnuskjölum um nám og menntun. Trúleg ástæða er hversu mikil áhersla er á leik-, grunn- og framhaldsskólanám.
- **Fólk með fötlun eða á annan hátt með skerta starfsgetu.** Þrátt fyrir baráttu fyrir málefnum fatlaðs fólks hefur lítið þokast í að opna menntakerfið fyrir þátttöku þeirra. Lög um nám fullorðinna og stefnuskjöl sem snerta fullorðinsfræðslu sneiða hjá eða þegja um þennan hóp íslenskra borgara.
- **Form námstilboða.** Gjarnan nefna stefnuskjöl fjarnám og fjölbreytni í námstilboðum, en sjaldan er kafað dýpra. Árangur af því t.d. að ná með fræðslutilboð til hópsins sem framhaldsfræðslulögin vildu þjóna gefur skýrt í skyn að þau tilboð sem hafi verið í boði hafi ekki hentað öllum í þessum hópi. Þrátt fyrir þrálátt starf framhaldsfræðslunnar á Íslandi og fullorðinsfræðslu um víða Evrópu sýna rannsóknir á þátttöku að sami hópurinn verður útundan. Margar nýjar rannsóknir á þátttöku í skipulögðu námi sýna að ákveðnir hópar sýna þeim fræðslutilboðum sem í boði eru ekki áhuga. Gæti verið að það vanti ný form náms og fræðslu sem henti umræddum hópi. (Sjá nánari umfjöllun um efnið í kafla 5.3 Þátttaka í námi.) Allt menntakerfið og þar með talinn símenntunargeirinn þarf að taka óbein skilaboð þessa hóps alvarlega og finna fjölbreytilegri aðferðir til að bjóða fólk til náms.
- **Menntun til sjálfbærni.** Allt menntakerfið þarf að axla ábyrgð á að undirbúa fólk undir framtíðina og styðja það til að breyta hegðun sinni í samræmi við þær áskoranir sem eru í umhverfismálum. Stefnuskjöl og lög á sviði fullorðinsfræðslu hafa að miklu leyti sneitt hjá þessu þema líka.

Ofangreind þemu tengjast áskorunum sem margir eru sammála um að íslenskt samfélag standi frammi fyrir og hafi staðið frammi fyrir um nokkurt skeið (sjá hér að framan: 3.1 Áskoranir). Engu að síður fer lítið fyrir þeim í mörgum stefnuskjalanna seinustu 20 árin og í nýjstu stefnu stjórnvalda *Menntastefna fyrir árin 2020–2030*

## 5. Íslenskar rannsóknir og önnur skrif um nám fullorðinna

Í þessum kafla verður fjallað um niðurstöður íslenskra rannsókna um nám fullorðinna. Fyrst verður gerð grein fyrir þeim skjölum sem voru greind og síðan fjallað um helstu niðurstöður.

Skýrsla þessi byggir á greiningu á helstu rannsóknum á sviði fullorðinsfræðslu á Íslandi. Rita var aflað með leit í helstu íslensku gagnagrunnum um fræðileg rit: Leitir.is, Skemman.is og Opin Vísindi með leitarorðunum: Nám fullorðinna, fullorðinsfræðsla, framhaldsfræðsla, símenntun, ævimenntun. Þá voru ritaskrár höfunda sem hafa látið sig rannsóknir á þessu sviði varða kannaðar.

Niðurstaða leitarinnar eru 17 ritrýndar greinar sem tengjast beint námi fullorðinna, (eins og kemur fram í inngangi er sneitt er hjá greinum sem fjalla sérstaklega um nám innflytjenda á Íslandi, þar sem það er tekið fyrir í annarri skýrslu), ein bók hefur verið gefin út á íslensku sérstaklega um nám fullorðinna meistaranema, um 60 meistaraverkefni fundust sem fjalla um rannsóknir tengdar námi fullorðinna. Þá þótti rétt að taka með nokkrar greinar sem birtust í *Gátt*, ársriti/vefriti Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Nokkur fjöldi meistaraverkefna frá viðskiptafræðideild sem koma inn á mannauðspróun og starfspróun komst ekki í úrtakið að þessu sinni. Ritin sem rýnd voru eru listuð upp í viðauka.

Greinarnar eru fyrst og fremst greindar með aðferðum orðræðugreiningar, þar sem leitað er að þemum/hugtökum/málefnum sem koma oft fyrir (þrástefjum) og greint hvernig fjallað er um þau þemu í viðkomandi skjölum. Sömuleiðis er skoðað hvað hefur orðið útundan eða er þagað um. Þrástef og þögn eru rýnd í ljósi umræðu í stefnuskjölum, alþjóðlegum og íslenskum, í lögum og miðlægum erlendum rannsóknum.

### 5.1. Orðræða um fullorðinsfræðslu

Kristín Þórarinsdóttir greindi orðræðu um nám fullorðinna og fullorðinsfræðslu í meistaraverkefni sínu (2017). Greiningin leiddi í ljós fjögur aðalþemu með þremur undirþemum:

- menntunarstig íslensku þjóðarinnar
- menntunarúrræði
  - raunfærnimat
  - náms- og starfsráðgjöf
  - kennslufræði fullorðinna
- fræðslutilboð
- fullorðnir námsmenn

Í ritgerðinni kemur fram að meirihluta fyrstu tveggja áratuga þessarar aldar virðist helsta áskorun fullorðinsfræðslunnar – eða sú sem fékk mesta athygli stjórnvalda og fræðsluaðila – hafa verið menntunarstig íslensku þjóðarinnar og þá sérstaklega í samanburði við nágrannaþjóðir (sjá nánari umfjöllun um þetta þema í kafla 5.3, Þátttaka í námi). Lög, fjármagn og framkvæmd hjuggu öll í sama knérunn: Íslenskt samfélag lagði áherslu á að fjölga fólki með námslok á þriðja hæfniprepi. Samanburðarskýrslur OECD, *Education at a Glance*, gefa skýra mynd af þróuninni.

## 5.2. Miðlæg þemu í rannsóknum

Þemu ritrýndu greinanna sem greindar voru höfðu mest áhrif á lista yfir miðlæg þemu í rannsóknum á Íslandi, en viðfangsefni skýrslna og meistararitgerða höfðu einnig sín áhrif á listann. Flestar rannsóknir á sviði fullorðinsfræðslu á Íslandi snúast um þátttöku – eins og reyndin er víðast hvar annars staðar. Ritryndar greinar á sviðinu fjalla margar um þetta þema og flestar skýrslurnar og meistararitgerðirnar, næstalgengasta þema ritryndra greina sem tengjast efni þessarar skýrslu er umræða um menntastefnu.

Helstu þemu eða þrástef sem koma fyrir í ritryndum rannsóknum á námi fullorðinna á Íslandi og meistararitgerðum tengdum þemanu eru eftirfarandi:

- Þátttaka í skipulögðu námi
  - Fólk með stutta formlega skólagöngu
  - Reynsla þátttakenda af framhaldsfræðslu
- Menntastefna – hugmyndir að baki íslenskri menntastefnu
- Afleiðingar / ávinningur menntunar
- Aðgengi að námi –
  - áhrif á þátttöku og búsetu og
  - lítil áhrif menntunar kvenna á samfélagslega stöðu þeirra á landsbyggðinni
- Verkfæri framhaldsfræðslunnar/símenntunar/fullorðinsfræðslunnar/FA
  - námskrár FA
  - náms- og starfsráðgjöf
  - raunfærnimat

Nokkur þessi þrástef verða skoðuð nánar hér á eftir.

## 5.3. Þátttaka í námi

Þátttaka fullorðinna í skipulögðu námi er trúlega það viðfangsefni sem er almennt mest rannsakað á sviði fullorðinsfræðslu. Það sama á við með ritryndar greinar íslenskar og meistaraverkefni á sviðinu. Fyrst ber að nefna þrjár skýrslur sem Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir unnu undir titlinum *Símenntun á Íslandi* og voru unnar úr gögnum sem var safnað árið 1998 og komu út um aldamótin (1999, 2001b, 2001c). Þessar skýrslur tengdust átaki stjórnvalda, „Verkefnisstjórn um símenntun“ (Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2004).

Síðar greindi Jón Torfi ásamt Andreu Gerði Dofradóttir (2009) tölfræði úr vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands 2003, en það ár var send út sérstök „viðhengiskönnun“ til að afla nánari upplýsinga um ævimenntun.

Samanburður á niðurstöðum úr skýrslunum frá aldamótunum, frá 2003 og almennum tölflum úr kerfi Hagstofunnar sýna svipaðar niðurstöður og sams konar rannsóknir annars staðar (sbr. t.d. Hróbjartur Árnason og Halla Valgeirsdóttir, 2015; Hróbjartur Árnason o.fl., 2010; Jón Torfi Jónasson og Andrea Gerður Dofradóttir, 2007). Jón Torfi og Andrea færa fyrir því rök að í ljósi þessa megi heimfæra niðurstöður nágrannalanda upp á íslenskar aðstæður. Fólk með stutta formlega menntun sækir síður í skipulagt nám á fullorðinsárum en þeir sem hafa lengri menntun að baki. Sama á við um fólk með minni fjárráð og eldra fólk (sjá t.d. Jón Torfi Jónasson, 2004; Jón Torfi Jónasson og Andrea Gerður Dofradóttir, 2009; Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 1999, 2001a, b og c, 2004).

Þrjár ritrýndar greinar taka fyrir svipaðar spurningar, allar byggðar á meistaraverkefnum (Elín Sif Welding Hákonardóttir o.fl., 2017; Hróbjartur Árnason og Halla Valgeirsdóttir, 2015; Hróbjartur Árnason o.fl., 2010) Niðurstöður þeirra benda einnig til að fólk með styttri skólagöngu að baki sæki mun síður í skipulagt nám á fullorðinsárum en fólk með lengri skólagöngu. Hindranir eða fyrirbæri sem koma í veg fyrir eða minnka líkur á að fólk taki þátt í skipulögðu námi eru eitt þrástefið sem kemur fram, bæði í ritrýndu greinunum og sérstaklega í meistaraverkefnunum sem voru greind. Skýringar sem K. Patricia Cross (1981) setti fram snemma á 9. áratug síðustu aldar hafa mótað umræðuna mikið, en hún lýsti einmitt hindrunum sem fólk mætir við að ákveða að hefja nám á fullorðinsárum. Hún flokkaði þær í aðstæðubundnar, stofnanalægar og viðhorfsbundnar hindranir. Þannig gætu aðstæður í lífinu, fjölskylduábyrgð eða vinnuálag hindrað manneskju í að taka þátt í skipulögðu námi, sömuleiðis stofnanalægar hindranir eins og staðsetning menntastofnunar, fyrirkomulag innritunar og inntökuskilyrði. Þá nefnir Cross viðhorfsbundnar hindranir eins og vantrú á eigin námsgetu, neikvæða upplifun af skóla eða eigin aldursfordóma. Það getur verið gagnlegt að átta sig á hindrunum á vegi fólks til mennta, einkum þegar þær eru samfélagslegar eða kerfislægar. Skipulag, lög, reglur og fjármagn geta stundum haft áhrif til hækkunar eða lækkunar slíkra þröskulda. Þá hafa verkfæri styrkt af stjórnvöldum eins og náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat virkað vel til að lækka ofangreindar hindranir.

Hindranakenningin hefur aftur á móti verið gagnrýnd fyrir að hún skýri aðeins hluta af fyrirbærinu þátttaka í skipulögðu námi á fullorðinsárum (Crowther, 2000). Stutt yfirlit um þessa umræðu má finna í greinum Hróbjarts Árnasonar og félaga (2015, 2010). Ein hindrun sem kemur gjarnan fram í greiningu á viðtölum við fólk sem kom aftur í nám, eða var fjarri, var skert aðgengi að námi. Gjarnan birtist það þannig að viðeigandi nám er ekki í boði í nærumhverfinu. Þess vegna hefur umræðan um fjarkennslu í fullorðinsfræðslu og háskólanámi gjarnan snúist um jafnræði. Í ljósi þessa voru nokkrar ritrýndar greinar sem vissulega byggja á rannsóknum á háskólanámi í dreifbýli teknar með í þessa greiningu þar sem þær þykja þó tengjast umræðu um fjarkennslu innan framhaldsfræðslunnar, sjá nánar hér á eftir, [5.5 Menntun á landsbyggðinni](#).

#### 5.4. Ávinningur af menntun

Stefnuskjöl alþjóðastofnana hvetja aðildarlönd til að styðja við fjölbreytileg tækifæri til náms alla ævi, vegna þess að bæði einstaklingar og samfélagið hagnist á því (OECD, 2023; UNESCO, 2021). Nýjustu höfuðskýrslurnar sjá umbætur í menntakerfum sem leið til að minnka óréttlæti, auka jöfnuð og styrkja einstaklinga í lífi og starfi. Gildi menntunar í lífi fullorðinna er viðfangsefni ritrýndrar greinar eftir Jóhönnu Rósu Arnardóttur og Jón Torfa Jónasson (2004), og tvær skýrslur sem greina sérstaklega fjárhagslegan ávinning menntunar á Íslandi (Eyjólfur Sigurðsson, 2011; Þórhallur Ásbjörnsson og Jón Bjarki Bentsson, 2004).

Í greininni kemur fram að viðmælendur eygja von um betri vinnu og hærri laun sem afleiðingu þess að stunda nám á fullorðinsárum. Fólk gerir sér einnig von um atvinnuöryggi og starfsheiti, eða skýra eða sterkari stöðu í samfélaginu. Niðurstaðan reyndist reyndar önnur. Ný störf í kjölfar námsins buðu ekki endilega hærri laun. Fólk sem var áður með grunnskóla-próf og starfaði í fiskiðnaði, jók menntun sína og fór í önnur störf, lækkaði jafnvel í launum, einkum ef það fór í störf í hinum opinbera geira (Jóhanna Rósa Arnardóttir og Jón Torfi Jónasson, 2004). Úttekt á arðsemi menntunar (Þórhallur Ásbjörnsson og Jón Bjarki Bentsson, 2004) gefur aftur á móti til kynna að bæði einstaklingar og samfélag hagnist efnahagslega á hærri menntunarstigi íbúa. Þar munar mest um framhaldsskólanám karla og háskólanám

kvenna, bæði fyrir einstaklinga og samfélag. Eyjólfur Sigurðsson (2011) kemst að svipaðri niðurstöðu. Hann sýnir fram á að ráðstöfunartekjur á ári hækka við hvert menntunarstig og það gefur ábata fyrir hvert ár sem líður. Eins og fyrr segir kom annað fram í viðtölum Jóhönnu. Viðmælendur hennar greindu frá ávinningi sem ekki telst fjárhagslegur: Nýtt starf þótti þeim betra en hið fyrra, fyrir námið, ef vinnutími var betri og sömuleiðis aðstæður, titill, áhrif, völd eða atvinnuöryggi. Einnig kom fram að aukin menntun bætti einkalífið. Þar voru þættir eins og sjálfsöryggi, fleiri áhugamál, leikni í daglegu lífi, víðsýni og bætt samskipti áberandi. Aukið sjálfsöryggi er þrástef í meistara-ritgerðum þar sem höfundar tóku viðtöl við fólk sem fór aftur í nám eftir hlé (sjá m.a. Björk Erlendsdóttir, 2013; Halla Valgeirsdóttir, 2011). Viðmælendur þeirra voru greinilega uppteknari af persónulegum ávinningi en efnahagslegum. Aukin framleiðni kom hvergi fram sem ávinningur í meistara-ritgerðunum sem greindar voru. Það er hins vegar nokkuð sem atvinnuveitendur sjá sem ávinning af námi starfsmanna sinna (Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands, 2014).

Stórt evrópskt verkefni kannaði ávinning af tólmstundanámi eða almennu námi, ekki starfstengdu: *Benefits of Lifelong Learning in Europe, BeLL* (Manninen o.fl., 2014). Mest áberandi voru styrkt og ný félagsleg net, aukin andleg vellíðan, aukin trú á eigin getu og tilfinning fyrir auknum tilgangi í lífinu. Þar að auki voru þættir sem eru yfirleitt tengdir vinnutengdu námi eins og „vinnutengdur ávinningur“ og aukin leikni og færni. Höfundar útskýra að gögnin sýni að nám sem hafi ekki beinan starfstengdan eða hæfnitengdan tilgang styrki þátttakendur á annan hátt sem geti leitt til frekara náms og hafi jákvæð áhrif, bæði á einkalíf og opinbert líf.

## 5.5. Menntun á landsbyggðinni

Eitt leiðarstef í stefnuskjölum um menntun almennt og jafnframt um ævinám er „nám/menntun fyrir alla“. Þeir sem tjá sig um menntun sem gæði sem skipta einstaklinga og samfélagið í heild máli leggja allir sem einn áherslu á að menntun eigi að standa öllum jafnt til boða. Nýrri stefnuþlögg eins og frá UNESCO, *Reimagining our Futures Together: A New Social Contract for Education* (UNESCO, 2021) setja kröfuna um jafnan rétt allra til náms undir hatt „ævináms“, þannig að þegar talað er um jafnan rétt til náms er átt við bæði breidd og lengd lífsins. Ein hlið á slíkri jafnaðarhugsun er aðgengi að skipulagðri fræðslu óháð búsetu.

Sex ritrýndar greinar fjalla einmitt um áhrif námstilboða, á líf og störf fólks í dreifbýlinu einkum áhrif þess að geta stundað nám í heimabyggð, t.d. í gegnum fjarnám (Anna Guðrún Edvardsdóttir, 2013, 2021; Anna Guðrún Edvardsdóttir og Allyson Macdonald, 2011; Þóroddur Bjarnason, 2018; Þóroddur Bjarnason og Brynhildur Þórarinsdóttir, 2018; Þóroddur Bjarnason og Ingi Rúnar Eðvarðsson, 2017). Rannsóknirnar byggja á viðtölum og tölulegum gögnum. Greinarnar fjalla að mestu um háskólanám á Íslandi og Skotlandi en eru greindar hér þar sem umræða um búsetu og áhrif fjarkennslu er svipuð hvort sem námið fer fram á vegum framhaldsfræðslu eða háskóla. Símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni bjóða margar upp á fjarnám en eru líka með staðbundnar starfsstöðvar dreifðar um sitt starfssvæði og vinna náið með þekkingarsetrum og öðrum menntastofnunum á staðnum.

Spurningin um aðgengi að námi kemur inn í umræðu um fullorðinsfræðslu úr mörgum áttum. Það þykir jafnréttismál að geta stundað viðeigandi nám á heimaslóðum. Skiljanlega skiptir verulegu máli fyrir fólk sem er orðið fullorðið og búið að koma sér upp alls konar fjárhagslegum og félagslegum skuldbindingum að geta, þegar þarf að leggja stund á nám,

gert það í heimabyggð. Önnur hlið eru byggðamál, það er að segja pólitískur vilji til að stuðla að stöðugri byggð um allt land.

Þóroddur Bjarnason og félagar hafa sýnt fram á að aðgengi að námi á heimaslóðum, hvort sem það er við menntastofnanir í heimabyggð eða nám sem er stundað í gegnum fjarnám, eykur líkur á að útskrifaðir [háskóla]nemar dvelji áfram í heimabyggð, meðan þeir sem flytja að heiman til að stunda nám flytja síður til baka aftur (Þóroddur Bjarnason, 2018; Þóroddur Bjarnason og Brynhildur Þórarinsdóttir, 2018; Þóroddur Bjarnason og Ingi Rúnar Eðvarðsson, 2017).

Þessar upplýsingar tengjast rannsókn Önnu Guðrúnar Edvardsdóttur (2021) á þremur þekkingarsetrum á landsbyggðinni: Nýheimar á Hornafirði, Þekkingarnet Þingeyinga með höfuðstöðvar á Húsavík og Háskólafélag Suðurlands á Selfossi. Svör við rafrænni könnun og rýnihópaviðtölum gefa til kynna að þekkingarsetur, sem sum eru í nánú samstarfi við símenntunarmiðstöðvar, hafi jákvæða ímynd í samfélaginu og fólk vænti góðra hluta af þeim. Áhrif þeirra þykja þó minni en áður, einkum eftir að þáttur nýsköpunar eða atvinnuþróunar minnkaði.

Í einni meistararitgerð var þjónusta þekkingarseturs, símenntunarmiðstöðvar og framhaldsskóla á landsbyggðinni könnuð, með því að taka viðtöl við fólk sem hafði nýtt sér þjónustu nokkurra stofnana sem vinna náið saman að mennta-, fræðslu- og nýsköpunarmálum á Höfn í Hornafirði (Guðrún Þorbjörg Björnsdóttir, 2014). Af niðurstöðum hennar að dæma er ljóst að samþætt þjónusta fjölbreyttra stofnana og fagfólks getur greitt leið fólks sem snýr aftur í nám eftir fjarveru. Greinilegt er að margir í þessari stöðu þurfa skýran og viðvarandi stuðning. Þetta kemur heim og saman við reyningu af náms- og starfsráðgjöf eins og kemur fram hér á eftir. Sjá kafla 5.10.1 Náms- og starfsráðgjöf.

## 5.6. Fjármögnun fullorðinsfræðslu

„Meginreglan í símenntun skal vera sú að þeir sem hennar njóta greiða fyrir hana.“ Þannig ávarpa höfundar skýrslunnar *Símenntun – Afl á nýrri öld* spurninguna um hver eigi að borga hvað í ævimenntun. Annars sjá höfundar skýrslunnar hlutverk ríkisvaldsins fyrst og fremst í að setja framboði skipulagðra námstilboða skýra ramma og skapa aðhald. „Annar stuðningur stjórnvalda ætti einkum að miða að því að styðja við þá sem síst sækja símenntun“ (bls. 3). Það eru þá þeir sem minnsta menntun hafa fyrir. Þetta virðist og hafa verið sú meginregla sem ríkið hefur stuðst við lengst framan af og varð hún mjög skýr í lögum um framhaldsfræðslu 2010.

Efnahagshrunið 2008, COVID-19 heimsfaraldurinn, hamfarahlýnun og veldisvöxtur í möguleikum gervigreindar sýna aukinn hraða í breytingum sem einstaklingar, samfélög og kerfi samfélagsins þurfa að bregðast við af ákveðni. Það sýndi sig að frumkvæði og athafnir opinberra aðila skiptu sköpum við úrvinnslu eftir hrunið og stjórnun viðbragða við covid sömuleiðis. Því er ljóst að yfirvöld bera mikla ábyrgð gagnvart að styðja fólk við að menntast stöðugt svo allir geti undirbúið sig á viðunandi hátt og brugðist með leikni við næstu breytingum.

Greining á íslenskum og erlendum stefnuþlögum og niðurstöðum íslenskra rannsókna bendir til að í stað þess að sjá menntun sem verkfæri, leið og aðferð til að takast á við aðsteðjandi áskoranir og ógnir sé vænlegra að sjá ævinám sem eðlilegan hluta mannlegrar tilveru, þar sem réttur fólks til að læra alla ævi sé tryggður og að í gegnum menntun fái allir tækifæri til að vinna með, þróa og „auka“ *mennsku* sína og verða þar af leiðandi færari til að

takast á við það sem lífið hefur að bjóða, hvort sem það eru skyndilegur heimsfaraldur, hamfarahlýnun, stórtækar breytingar vegna aukinnar tæknivæðingar allra hliða tilverunnar eða einfaldlega áskorunin við að skipta um starf eða verða afi.

Ríkisvald sem velur að styrkja ævimenntun í allri sinni breidd mun þannig styðja einstaklinga og hópa til að mæta því sem býðst í lífinu og byggja saman gott samfélag þar sem allir dafna. Ríkið hefur þar af leiðandi það hlutverk að skapa leikreglur, hvata og samhengi, þar sem ólíkar tegundir námstilboða eru mögulegar og ganga upp og ólíkir aðilar geta boðið viðeigandi námstilboð á hverjum tíma. Vissulega má reikna með að þegar upp koma breytingaskeið þurfi ríkið að styrkja fjárhagslega námstilboð sem hafa ákveðin markmið eða markhópa fyrir augum. Trúlega þarf þó framkvæmdavaldið að hafa þar ákveðinn sveigjanleika til að greina og velja áhersluatriði. Ef markhópar og tilgangur námstilboða fyrir fullorðna eru skilgreind í lögum má ætla að sveigjanleiki og gagnsemi kerfisins verði heft

Viðhorf til fjármögnunar fullorðinsfræðslu hafa þróast nokkuð hratt undanfarin ár. Í skýrslunni *Símenntun – Afl á nýrri öld* (Menntamálaráðuneytið, 1998) kemur skýrt fram það viðhorf að þátttakendur greiði sjálfir eða vinnuveitendur: „Meginreglan í símenntun skal vera sú að þeir sem hennar njóta greiða fyrir hana.“ (bls. 3). Hlutirnir fóru svo smám saman að breytast upp úr aldamótum, ekki síst fyrir atbeina stéttarfélaganna og samtali aðila vinnumarkaðarins í tengslum við kjarasamninga.

Halldór Grönvold gerði góða grein fyrir þróun þátttöku stéttarféлага í fræðslumálum í skýrslu sinni *Þátttaka verkalýðshreyfingarinnar í starfsmenntun og fullorðinsfræðslu* (2016). Eitt sem vekur þar athygli er hvernig aðkoma ríkisvaldsins að lausn kjaradeilna þróaðist út í að ríkið kom gjarnan að málum með því að stofna og fjármagna sjóði og aðgerðir sem tengjast menntun í atvinnulífinu. Hér má nefna sjóði eins og Landsmennt, Ríkismennt, Sjómennt og Sveitamennt (Halldór Grönvold, 2016; Landsmennt, e.d.) Það hefur reynst styrkur fullorðinsfræðslu á Íslandi, einkum þeirri sem snýr að aukinni hæfni fólks á vinnumarkaði, hversu vel aðilar vinnumarkaðarins, sem oft deila hart um laun og kjör, hafa verið sammála og samstíga í tengslum við menntamál og þá sérstaklega aðgerðir til að auka menntun þeirra sem minnsta menntun hafa, en einnig endurmenntun fagstétta. Þessi samstaða kristallast í stofnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins árið 2003 og farsælli starfsemi hennar.

Með lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 var fé sem ríkið úthlutaði beint til fullorðinsfræðslu mest allt sett undir hatt Fræðslusjóðs sem úthlutar fé til fræðsluáðila samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu og reglum sem sjóðurinn setur. Þannig er kostnaður við framkvæmd námskeiða sem eru kennd samkvæmt vottuðum námskrám niðurgreiddur af sjóðnum ásamt náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, e.d. a). Með þessum hætti styður samneyslan við fullorðinsfræðslu á framhaldsskólastigi og styður fólk með stutta formlega skólagöngu til að auka menntun sína.

## 5.7. Menntun fyrir hverja?

Skýrslan *Símenntun – Afl á nýrri öld* gefur í stuttu máli yfirlit um fjölbreytilega stöðu fullorðinsfræðslu við lok 20. aldarinnar. „Fræðslumarkaðurinn“ er nokkuð frjálst, það er opinbert fé að fá í nokkrum ráðuneytum, aðallega í formi styrkja og vegna þríliða (tripartate) samninga ríkis, stéttarféлага og atvinnuveitenda, m.a. um endurmenntunarsjóði. Annars birtir skýrslan það viðhorf að það sé einstaklinganna sjálfra að fjármagna sína „símenntun“ eins og áður kom fram. Það þýðir í reynd, eins og rannsóknir á þátttöku hafa sýnt undanfarin 70 ár, að þeir sækja helst námskeið á fullorðinsárum sem hafa góðan menntunarlegan grunn



fyrir. Á Íslandi varð starfstengd símenntun mest áberandi í lok 20. aldarinnar og þá í gegnum samvinnu stéttarfélaganna og viðsemjendur þeirra. Opinberir aðilar eins og t.d. sveitarfélög létu sig málið líka varða, t.d. með aðkomu sinni að stofnun símenntunarmiðstöðva víðs vegar um landið.

Eins og kom fram hér að framan hefur umræða um þátttöku í framhaldsfræðslu verið eitt af þrástefjum orðræðu um nám fullorðinna á Íslandi. Þar hafa tölur úr skýrslum OECD *Education at a Glance* (sjá t.d. OECD, 2010, 2011, 2014, 2022) verið áberandi í umræðunni um framhaldsfræðslu. Af 60 meistaritgerðum í Skemmunni sem fjalla almennt um fullorðinsfræðslu fjalla 14 um þátttöku fullorðinna í námi og þá sérstaklega ýmis sjónarhorn á þátttöku í framhaldsfræðslu og námskrám Fræðslumiðstöðvar Atvinnulífsins. Gjarnan er þátttaka í tilteknum námstilboðum skoðuð í þessum ritgerðum, með viðtölum við fólk sem fór í nám eftir langt hlé, stundum eftir raunfærnimat eða náms- og starfsráðgjöf.

**Menntun fyrir alla.** Stefna UNESCO um framtíð menntunar, t.d. eins og hún birtist fyrst í höfuðskýrslu Faure o.fl. (1972) og svipuðum skjölum síðan, hefur lengi haldið á lofti hugmyndinni um ævinám almennt og nám og menntun fullorðinna sértækt, sem nauðsynlegum þætti í að samfélög mæti breytingum og áskorunum og byggi góða framtíð fyrir alla jarðarbúa. Á tíunda áratug síðustu aldar virðist áhersla á hugmyndina um ævinám þó hafa minnkað í alþjóðlegum stefnuskjölum. Elfert (2019) bendir á að hugmyndir skólahyggju annars vegar (sjá nánar Berglind Rós Magnúsdóttir og Helgi Þorbjörn Svavarsson, Í Ritryni) og ævimenntunar hins vegar hafi lengi tekist á. Alþjóðlega hafi skólahyggja með áherslu á grunnskólanám og framhaldsskólanám verið séð sem hagkvæmasta leiðin til að stuðla að efnahagslegri þróun frekar en að styrkja stöðu allra í samfélaginu með aukinni menntun, þar með fullorðið fólk sem þegar er á vinnumarkaði. Önnur átök í menntaumræðunni eru milli hugmynda um að réttur allra sé að njóta gæða menntunar, almennrar menntunar alla ævi annars vegar og hugmynda um að áherslan í menntamálum skuli vera á að þjálfa hæfni til þátttöku í atvinnulífinu hins vegar.

Kristín Þórarinsdóttir (2017, bls. 65) dregur orðræðu íslenskra stjórnvalda þannig saman:

Fram kemur í orðræðu íslenskra stjórnvalda að helstu áskoranirnar sem íslenska menntakerfið stendur frammi fyrir er að mæta færnipörf á vinnumarkaði, spyrna við háu brotthvarfi úr framhaldsskólanum, spyrna við hversu hátt hlutfall fólks á vinnumarkaði er með litla formlega menntun ásamt því að spyrna við atvinnuleysi. Einnig kemur fram hjá stjórnvöldum mikilvægi þess að íbúarnir búi yfir grunnfærni í samfélagi 21. aldarinnar til að geta tekið fullan þátt í samfélaginu.

Lög um framhaldsfræðslu (nr. 27/2010) eru byggð á þessari sýn. Þau takmarka fjárhagslegar skuldbindingar ríkisins í tengslum við fullorðinsfræðslu að miklu leiti við námskrár á framhaldsskólastigi og aðrar aðgerðir sem eiga að stuðla að því að hækka menntunarstig fólks með stutta skólagöngu að baki. *Menntastefna 2030* (þingskjal nr. 310/2020–2021) hefst á háfleygum markmiðum: „Framtíðarsýn menntastefnu til ársins 2030 byggist á einkunnarorðunum framúrskarandi menntun alla ævi.“ Umræðan í stefnunni takmarkast þó fyrst og fremst við leik- grunn og framhaldsskólastigið, og áherslan er á menntun sem nýtist atvinnulífinu. Ævinám fær einn lítinn kafla í stefnunni.

Eins og sést í þessu nýjasta stefnuriti stjórnvalda er áherslan enn fyrst og fremst á þarfir vinnumarkaðarins og áhersla er lögð á að undirbúa ungt fólk fyrir nýjan veruleika. Fullorðnir sem þegar eru á vinnumarkaði, og þurfa tækifæri til að læra nýja hluti eigi þeir að takast á

við áskoranir samtímans, eru aðeins nefndir á nafn í því samhengi að gera þurfi kröfu um íslenskukunnáttu fullorðinna, jafnt sem barna, sem hafa annað móðurmál en íslensku. Að öðru leyti eru fullorðnir ekki nefndir á nafn og þaðan af síður nám og menntun á fullorðinsárum.

### 5.8. Gæði í kennslu – gæðanám

Það liggur í augum uppi að gæði fræðslustarfs skipta sköpum. Það er til lítils að bjóða fólki á námskeið ef það lærir lítið sem ekkert, og þá er fé og tíma illa varið. Sömuleiðis skipta gæði máli þegar horft er til virðingar við fólk og málefni, mannlega reisn og árangur af fræðslustarfinu. Lög um framhaldsfræðslu kveða á um að námskrár sem eru fjármagnaðar af fræðslusjóði skuli vottaðar af Menntamálastofnun. Þar segir: „Í slíkri vottun felst staðfesting á að námið uppfylli almennar kröfur um skipulag og gæði kennslu“ (6. gr.). Þannig er reiknað með að yfirvöld tryggi gæði námskráa sem kenndar eru í framhaldsfræðslunni með því að votta þær. Í 7. gr. er svo fjallað um vottun fræðsluaðila sjálfra, en aðeins vottaðir fræðsluaðilar fá fjárframlög úr Fræðslusjóði til að kenna samkvæmt vottuðum námskrám. Þar er skilyrðum vottunar lýst og eitt þeirra er „tilvist gæðakerfis með áherslu á nám fullorðinna“. Lögin kveða þannig á um að vottaðir fræðsluaðilar framkvæmi sjálfir reglulega innra mat með tilliti til gæða og sé sú gæðaúttekt síðan vottuð af ytri matsaðila. Þetta fyrirkomulag er þekkt víða. Skipulagseining styðst við sniðmát að gæðahandbók, skilgreinir í hverju gæði eru fólgin í sinni starfsemi og fær síðan utanaðkomandi aðila til að votta að skipulagseiningin starfi í samræmi við gæðahandbókina. Fræðsluaðilar nýta flestir EQM/EQM+ -gæðakerfið (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, e.d. b) sem var upprunalega þróað af Mennt og síðar Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) í samvinnu við nokkra evrópska fræðsluaðila, og er það í stöðugri þróun. Margir þeirra eru með EQM/EQM+ merki á vefsíðum sínum. Sumir nýta önnur kerfi eins og t.d. ISO9001. Í greininni „Gæðanám“ könnuðu nemendur á námsleiðinni „Nám fullorðinna“ viðhorf og reynslu kennara í fullorðinsfræðslunni af gæðakerfunum (Hróbjartur Árnason o.fl., 2014) Viðmælendur nefndu að ánægja þátttakenda væri fyrsta vísbending um gæði í fræðslu, ef þátttakendur væru ekki ánægðir væru litlar líkur á að þeir myndu læra eitthvað. Þetta er í samræmi við aðferðir sem gjarnan eru notaðar til að meta gæði í fræðslu: Mat á fræðslu hefst iðulega á að meta viðbrögð þátttakenda við náminu (sjá t.d. Kirkpatrick og Kirkpatrick, 2006). Önnur áhugaverð niðurstaða viðtalanna var að vottuð gæðahandbók veitti kennurum og verkefnastjórum aukið öryggi í starfi þar sem þeim þótti þeir betur geta metið gæðin í eigin starfi. Nám og kennsla eru samt ekki þjónusta á þar við bílaþvott eða veitingaþjónustu þar sem einhver vinnur þjónustuverk fyrir viðskiptavin. Námsmaðurinn sjálfur er hluti af jöfnunni. Framlag þátttakenda til samvinnu í námsferli, bæði til að tileinka sér sjálfur námsefni og til að vinna með það og þróa í samvinnu við aðra þátttakendur, hefur afgerandi áhrif á endanleg gæði námsferlisins, bæði fyrir þátttakandann sjálfan en líka alla hina. Leiðbeinandinn getur með sinni leikni komið slíku til leiðar. Það leiðir að næsta þema; hæfni leiðbeinenda.

### 5.9. Hæfni leiðbeinenda

Hæfni leiðbeinenda í fullorðinsfræðslu er viðvarandi þema bæði í reynd – „praxis“ – og í fræðilegri umræðu. Það er almennt þekkt um allan heim að starf leiðbeinenda í fullorðinsfræðslu hefur oftast nær verið í höndum áhugafólks. Umræða um vankanta við þennan veruleika og ákall um breytingar á þessu sviði fara gjarnan fram undir yfirskriftinni

„fagvæðing“ eða „professionalisation“. Veruleikinn, þar sem fullorðinsfræðsla snýst oft um að auka hæfni fullorðinna á afmörkuðum sérfræðisviðum, er mikil þörf fyrir leiðbeinendur sem eru sérfræðingar á sínu sviði. Á þann hátt er reynt að tryggja gæði upplýsinga sem miðlað er á námskeiðum. Á sama tíma eru slíkir sérfræðingar oftast mjög uppteknir við sín sérfræðistörf og sjálfsmynd þeirra er í faginu en ekki í hlutverki þeirra sem „fullorðinsfræðara“. Það veldur því að sá tími og orka sem slíkir geta varið í að auka hæfni sína sem leiðbeinendur fullorðinna er takmarkaður. Þetta þekkja framkvæmdastjórar og verkefnastjórar símenntunarmiðstöðva á Íslandi mætavel. Þeim reynist oft erfitt að fá leiðbeinendur sem eru verktakar til að taka þátt í starfsþróun sem tengist hæfni þeirra við að leiðbeina fullorðnum. Könnun á stöðu fullorðinsfræðslu á Norðurlöndunum leiddi t.d. í ljós nokkra umræðu um hæfni þeirra sem kenna innflytjendum norsku. Í starfi Norrænu samvinnunnar um nám fullorðinna – Nordisk Vuxnas Lärande – [nvl.org](http://nvl.org) – hefur hæfni leiðbeinenda verið viðvarandi þema, margar ráðstefnur haldnar um efnið á vegum netsins og [fjöldi verkefna og skýrslna komið út](#). Á Íslandi ber hæst samvinna Háskóla Íslands og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem er lýst í grein í *Gátt* (Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir o.fl., 2021). Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Háskóli Íslands unnu í samvinnu hæfnigreiningu á starfi leiðbeinenda í fullorðinsfræðslu eftir aðferð sem Fræðslumiðstöðin hefur notað við fjölda annarra starfa. Á grundvelli hennar var síðan unninn sjálfsmatslisti og verkfæri fyrir verkefnastjóra og stjórnendur til að meta hæfni leiðbeinenda. Á grundvelli þessarar vinnu er verið að vinna að leiðarvísi (e. roadmap) sem á að geta leiðbeint fólki sem vinnur við fullorðinsfræðslu að finna sér leiðir til að auka hæfni sína til þeirra starfa.

## 5.10. Verkfæri framhaldsfræðslunnar

Lög um framhaldsfræðslu (nr. 27/2010) lýsa sérstaklega þremur verkfærum hennar: Vottuðum námskrám, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimati. Þessi þrjú verkfæri eru trúlega þau áhrifaríkustu sem framhaldsfræðslan hefur til þess að hvetja og styðja fullorðið fólk aftur í nám. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur í gegnum árin þróað verkfæri sem nýtast fræðsluaðilum í þjónustu sinni við fólk með stutta formlega skólagöngu – ásamt fleirum. Helstu verkfærin eru: Námskrár sem eru vottaðar af Menntamálastofnun og lýsa námskeiðum sem fræðsluaðilar geta haldið og fengið fjármöggnuð að hluta í gegnum Fræðslusjóð. Námsráðgjöf á vinnustað er sérstök nálgun í náms- og starfsráðgjöf sem byggir á heimsóknum á vinnustaði þar sem náms- og starfsráðgjafar eiga frumkvæði að ráðgjafarviðtölum við starfsfólk. Raunfærnimat er síðan ferli fyrir fólk með starfsreynslu að fá hæfni sem það hefur aflað sér í lífi og starfi metna til styttingar náms. Hæfnigreiningar eru ferli til að greina hvaða hæfni þarf til að stunda tiltekið starf. Sérfræðingar vinna með rýnihópum úr röðum fólks sem tengist tilteknu starfi, greina með þeim og lýsa þeirri hæfni sem fólk þarf til að geta stundað tiltekið starf. Fagbréf atvinnulífsins er nýjasta verkfærið. Þessi verkfæra koma oft fyrir í meistararitgerðunum og eru áberandi í greinum í *Gátt*. Meistaraneimar, einkum við námsbraut um náms- og starfsráðgjöf, hafa rannsakað nokkrar hliðar ráðgjafarinnar og raunfærnimatsins.

### 5.10.1. Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjöf fyrir fullorðna er áberandi þema í meistararitgerðum og hún kemur fyrir í einni ritrýndri grein. Ritgerðirnar sýna að verkfæri sem símenntunarmiðstöðvar hafa nokkuð lengi haft til umráða og hefur virkað sérlega vel er „Náms- og starfsráðgjöf á vinnustað“. Greinar í *Gátt* og upplýsingar úr viðtölum sem komu fram í nokkrum meistararitgerðanna (m.a. Guðrún Þorbjörg Björnsdóttir, 2014; Halla Valgeirsdóttir, 2011)

benda til að þetta verkefni hafi verið sérlega vel heppnað. Í verkefninu fólst sérstök fjármögnun til að heimsækja vinnustaði, eiga samtöl við starfsfólk og leiðbeina því varðandi möguleika á námi (Fjóla María Lárusdóttir, 2004). Fordómar og misskilningur ollu því m.a. að það hvarflaði oft ekki að fólki að hjá náms- og starfsráðgjöfum væri eitthvað gott að sækja, en frumkvæði þeirra með heimsóknum á vinnustaði opnaði leiðir að mörgum gagnlegum samtölum. Þetta verkefni var í gangi fram að hrúni árið 2008 þegar náms- og starfsráðgjafar á símenntunarmiðstöðvum voru nýttir í önnur verkefni („Náms- og starfsráðgjafar virkjaðir í þágu atvinnuleitenda“, 2009). Ritgerð Guðrúnar Jónu Magnúsdóttur (2012) lýsir samvinnu stofnana á Höfn í Hornafirði sem tengjast fullorðinsfræðslu um ráðgjöf og stuðning. Viðtöl við fólk sem nýtti sér samþætta þjónustu stofnananna sýnir hversu góð áhrif það getur haft á fólk sem er að hefja nám eftir hlé að fá jákvæðan stuðning stofnana og starfsfólks þess. Viðmælendur Elínar Sifjar Welding Hákonardóttur og félaga (2017) höfðu aðra upplifun: Ungt fullorðið fólk sem leitar aftur í framhaldsskóla upplifði synjun og áhugaleysi sem hindrun þegar það vildi snúa aftur í nám á fullorðinsárum. Það hefur sýnt sig að fólk með stutta formlega skólagöngu þarf margt að yfirstíga margar hindranir þegar það vill hefja nám eftir hlé. Því er eftirsóknarvert að nýta áfram verkfæri sem hafa reynst jafn vel og „Námsráðgjöf á vinnustað“. Nauðsynlegt er að finna leiðir til að slík verkfæri detti ekki út af dagskrá hjá símenntunarmiðstöðvum.

#### 5.10.2. Raunfærnimat

Prástefið „Raunfærnimat“ kemur fyrir í mörgum meistaraverkefnunum og nokkrum greinum. Hugtakið vísar til verkfæris sem hefur nýst vel til markaðssetningar símenntunar. Raunfærnimat hefur hjálpað um 7315 manns frá 2007 að fá hæfni sem þau öfluðu sér í atvinnulífinu metna til eininga og styttingar náms (Hildur Betty Kristjánsdóttir, 2023). Mörg þeirra sem tóku þátt í raunfærnimati hafa í kjölfar þess lokið framhaldsnámi og sum jafnvel farið lengra í námi.<sup>1</sup> Margar meistararitgerðir, einkum frá nemendum í náms- og starfsráðgjöf hafa fjallað um reynslu fólks af raunfærnimati. Núorðið þykir raunfærnimat nauðsynlegt verkfæri fyrir allt menntakerfið. Það sést meðal annars á tilmælum Ráðs Evrópusambandsins um að öll Evrópuríkin innleiddu raunfærnimat á öllum skólastigum fyrir árið 2018 (Council of the European Union, 2012) og á skuldbindingum meðlima samevrópska háskólasvæðisins (e. European Higher Education Area (EHEA)) í Yerevan-yfirlýsingu samtakanna um að fjarlægja beri hindranir til raunfærnimats, bæði til aðgangs að háskólanámi og styttingar námstíma (EHEA, 2015). Sólveig Indriðadóttir greindi tölur um raunfærnimat á árunum 2007–2013 og lýsti niðurstöðum sínum í meistararitgerð: Af þeim 1251 sem fóru í raunfærnimat, innrituðust 793 (63%) í nám í kjölfarið og 389 útskrifuðust úr því námi. Þannig útskrifuðust 31% þeirra sem fóru í raunfærnimat og 49% þeirra sem innrituðust í nám í kjölfar raunfærnimats (Sólveig Indriðadóttir, 2017).

Innan háskólasamfélagsins á Íslandi hefur raunfærnimat til styttingar háskólanáms verið á dagskrá síðan 2016 (Ína Dögg Eyþórsdóttir o.fl., 2017). Ein námsleið býður nemendum sínum raunfærnimat til styttingar námsins; leikskólakennaranám við Háskóla Íslands (Anna Magnea Hreinsdóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, 2022).

---

<sup>1</sup> Upplýsingar um þetta koma ekki inn í tölfræði Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, sem heldur utan um framkvæmd raunfærnimats á landinu, þar sem þær eru skráðar í INNU upplýsingakerfi framhaldsskólanna og FA hefur ekki aðgang að upplýsingum framhaldsskólanna þannig að erfitt er að segja til um endanleg áhrif raunfærnimatsins.

Raunfærnimat er nefnt í mörgum af þeim stefnuskýrslum sem greindar voru sem nauðsynlegt og sjálfsagt verkfæri í öllu menntakerfinu. Það þykir auka jafnræði, aðgengi að námi og fjölbreytileika í skólum. Raunfærnimat mætir sérlega vel þörfum fullorðins fólks sem hefur mjög ólíka og fjölbreytta reynslu og menntun úr atvinnulífinu. Í ljósi þeirra áskorana sem lýst er í stefnuskjöllum, munu æ fleiri þurfa að skipta um störf og starfsvettvang á ævinni. Sumt fólk þarf skipulagt nám til að afla þeirrar hæfni sem það þarf til að sinna nýju starfi. Þá kemur sér vel að geta fengið áunna hæfni metna til styttingar námstíma. Raunfærnimat virkar einnig sem viðurkenning á reynslu og menntun sem fólk hefur orðið sér úti um í gegnum líf sitt, félagsstörf og atvinnu (Gunnar E. Finnbogason, 2009). Þannig er raunfærnimat mjög gagnlegt verkfæri í verkfærakistu símenntunarþjóðfélags, eða samfélags sem hefur ævimenntun að grunnhugmyndafræði menntakerfisins (sbr. Jón Torfi Jónasson og Andrea Gerður Dofradóttir, 2007).

### 5.10.3. Námskrár Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins

Eitt hlutverk Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er að þróa og gefa út námskrár fyrir námskeið sem henta markhóp framhaldsfræðslunnar (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, e.d. c). Á vef FA eru námskrárnar orðnar 50. Þessar námskrár leggja grunninn að fjölda námskeiða sem viðmælendur a.m.k. 7 af þeim 60 meistararitgerðum sem greindar voru tóku þátt í. Flestar þessar rannsóknir snúast um að kanna reynslu fullorðins fólks af því að snúa aftur til náms eftir lengra eða styttra hlé. Niðurstöðurnar eru svo til einróma um að þátttakendur upplifðu flestir ýmsar hindranir að hefja nám, aðallega viðhorfsbundnar hindranir, en þegar á hólminn kom og að námi loknu vitna þátttakendur upp til hópa um aukið sjálfstraust, trú á eigin getu sem gjarnan leiðir til frekara náms.

Guðrún Jóna Magnúsdóttir vitnar t.d. í þátttakanda í námsleiðinni Menntastoðir sem segir:

Sjálfstraust og bara vitneskjuna um það sem maður getur. Maður getur miklu meira heldur en maður hélt. Eins og ég segi, mér fannst námið mjög erfitt og miklu erfiðara heldur en ég átti von á. Þetta er miklu meira en ég átti von á að ég mundi bara fara í gegnum. Þú veist á svona stuttum tíma.... (Guðrún Jóna Magnúsdóttir, 2012 bls. 48)

Vissulega er ávinningur af þátttöku í ólíkum námsleiðum byggðum á þessum námskrám ólíkur enda spanna þær vítt svið. Allt frá því að varða leiðina aftur í nám, eins og ofangreind dæmi yfir í sértæka starfstengda þjálfun hannaða með aðilum vinnumarkaðarins. En allar stuðla þær að aukinni hæfni þátttakenda, sem upp til hópa ljúka námi fullir sjálfstrausts og tilbúnir í frekara nám. Að því leiti má segja að námskrárnar þjóni tilgangi sínum, auki menntunarstig þátttakenda.

## 6. Samantekt: Hvað má læra af þessu ferðalagi?

Það er alveg ljóst að í flestum samfélögum er litið til almennrar menntunar sem leiðar til að skapa jöfnuð í samfélaginu, stuðla að því að einstaklingar geti sjálfir axlað ábyrgð á sjálfum sér og fjölskyldum sínum og þannig verið virkir þátttakendur í öllum þáttum samfélagsins. Hið gagnstæða styrkir þessa hugmynd, eins og þegar samfélög markvisst og skipulega takmarka aðgengi tiltekinna hópa að menntun.

### 6.1. Menntun fyrir alla

Af greiningunni hér að framan má sjá að þrátt fyrir að íslensk stefnuskjöl nefni gjarnan menntun fyrir alla, er það fyrst og fremst skólanám sem fær sérstaka umfjöllun. Áherslan er gjarnan á innihald menntunar sem leiðir til hæfni sem nýtist atvinnulífi og til að auka samkeppnishæfni þjóðarinnar. Umræða fjölda rannsakaenda sem hafa rannsakað ævimenntun frá ólíkum sjónarhornum bendir þó til þess að slík þröng sýn á menntun leiði til takmörkunar og miklar líkur eru á að slík áhersla eigi þátt í að fólk með minni menntun stundi síður nám á fullorðinsárum. Það er almennt viðurkennt að eigi fólk að ná að lifa farsælu lífi í því samfélagi sem við virðumst vera að ganga inn í, sé nauðsynlegt að hafa hæfni, vilja og tækifæri til að læra og menntast alla ævi, ekki aðeins í æsku. Því miður fær slík sýn litla umfjöllun í nýjustu stefnuþlögum þó ýjað sé að þessum skilningi. Ný lög þurfa því að skapa námi og menntun fullorðinna alla ævi skýra ramma sem hvetja til og styðja við fjölbreytilegt fræðslustarf sem nær til allra hópa samfélagsins. Þrátt fyrir að nauðsynlegt sé fyrir samfélag eins og á Íslandi að búa yfir hæfu fólki til að sinna nauðsynlegum störfum, byggir almenn menntun þó upp mennsku fólks, persónuleika og styrkir einkalíf, fjölskyldulíf og opinbert líf. Þetta sýna m.a. stórar rannsóknir eins og t.d. BeLL-verkefnið sem vitnað var í hér að framan (Manninen o.fl., 2014). Þá má færa fyrir því rök að aðgengi að almennri menntun geti opnað leiðir og minnkað hindranir hjá fólki sem hefur lengi forðast hefðbundið skólanám.

Sömuleiðis þarf að skipuleggja og framkvæma fræðslustarf í skólum, frístundastarfi, fyrirtækjum og félagasamtökum þannig að rými sé fyrir alla. Þá þurfa að vera til sérstök tilboð fyrir fólk sem þrífst ekki í „hefðbundnu“ skólasamhengi, s.s. fólkið sem síður nýtir sér símenntunartilboð, fólk með mikla fötlun, eða margs konar námsörðugleika sem valda því að það nær minni árangri í stórum eða blönduðum hópum. Brottfallstölur úr framhaldsskólum benda til þess að það kerfi nái ekki að mæta þörfum allra sem þangað sækja. Þar koma styrkleikar frístundastarfs, félagasamtaka, lýðskóla og fleiri sérstaklega í ljós. Menntun fyrir alla tengist náið umræðu um þátttöku í námi. Ákveðnir hópar – sem sumir í menntakerfinu vilja gjarnan ná til – sækja lítið í nám, símenntun eða önnur námstilboð. Menntakerfið þarf að vera opið fyrir nýsköpun og frumlegum leiðum til að mæta þessum hópi. Námskrár FA um smiðjur eru dæmi um farsælar leiðir til að gefa sköpunarkrafti fræðsluaðila lausan taum, með góðum árangri.

Ný lög sem ná utan um nám fólks á fullorðinsárum þurfa að styðja við og jafnvel stuðla að alls konar óformlegu námi eins og innan fyrirtækja og stofnana. Þekkt eru dæmi um stórfyrirtæki sem leggja mikið upp úr að þjálfra persónulega hæfni starfsfólks síns, enda byggja afkoman á þjónustu. Þar er starfsþróun hjá Starbucks-kaffihúsunum gott dæmi (Duhigg, 2012). Starbucks þjálfar starfsfólk í tilfinningagreind og hugmyndum og aðferðum til að takast á við óvæntar upppákomur og erfiða viðskiptavini. Slík þjálfun hefur víðari skírskotun og hefur bein áhrif í einkalífi þeirra. Fyrirtækið sér hagsmuni sína fara samhliða þörf nýrra

starfsmanna til persónulegs þroska, axlar ábyrgð og finnur áhrifaríkar leiðir til að mennta sitt starfsfólk.

Eins og nýjasta höfuðskýrsla UNESCO kallar eftir að samfélagið sem heild taki höndum saman um menningu ævimenntunar, væri eftirsóknarvert fyrir íslenskt samfélag að finna leiðir til að skipuleggja menntakerfið að fullorðið fólk hafi möguleika og skýr áhugaverð námstilboð til að vera tilbúið að takast á við þær áskoranir sem samfélagið stendur frammi fyrir. Slík tilboð þurfa að eiga við alla þegna samfélagsins, líka nýja Íslendinga, fólk með skerta starfsgetu, stutta formlega skólágöngu að baki o.s.frv.

Sést hefur að innlegg stórra alþjóðlegra samtaka eins og UNESCO, OECD og fleiri koma gjarnan að spurningum um ævinám úr ólíkum áttum. Hugmyndir um virði og mannlega reisn eru gjarnan sýnilegar í stefnuskjölum frá UNESCO á meðan áherslan hjá OECD hefur lengi verið á hlutverk ævimenntunar til að tryggja viðeigandi hæfni á vinnumarkaðnum. Þó virðist sem OECD að minnsta kosti hafi nálgast mannmiðlæga sýn UNESCO að einhverju leyti, í það minnsta ber nú meira á umfjöllun um að mæta þörfum hópa sem hafa sögulega orðið út undan í samfélaginu. Biesta (2022) leggur til í þessu samhengi að í stað þess að einbeita sér að því að mæla og besta menntun í því augnamiði að ná árangri fyrir tiltekin markmið eins og samkeppnishæfni eða lýðræði, í staðinn fyrir að tala um, bjóða og fjármagna ævimenntun út frá virkni hennar og gagnsemi, þurfi að virða þá staðreynd að menntun óháð stað og stund virðist streitast gegn því að verða fullkomin. Með því að virða rétt fólks til ævimenntunar, opna öllum aðgang og bjóða upp á fjölbreytilega fullorðinsfræðslu alla ævi í ólíku samhengi, muni ólíkar manneskjur ná að dafna þar sem þær fá tækifæri til að auka leikni, útvíkka þekkingu og vinna með viðhorf sín til alls þess sem mætir því á ævigöngunni. Þannig séu meiri líkur á að önnur markmið eins og aukin hæfni á vinnumarkaði eða sterkara lýðræði komi sem hliðarleiðing betur menntaðra borgara.

## 6.2. Menntun sem verkefni allra

Þriðja höfuðskýrsla UNESCO um menntun varpar ábyrgð á menntun yfir á allt samfélagið, yfir á alla. Þessi hugmynd tengist náið nýjum áherslum í *Menntastefnu 2030*. Þar er t.d. kallað eftir því að nemendum í grunn- og framhaldsskólum séu veitt tækifæri til starfsnáms við hæfi og tækifæri til að fá innsýn í starfsnám. Eigi slíkt að bera árangur er ljóst að fyrirtæki landsins þurfa að taka við skólafólki í heimsókn og alls konar vettvangsnám. Sömuleiðis má sjá fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök axla ábyrgð á að bjóða ungu fólki, fullorðnum sem vilja skipta um starfsvettvang, innflytjendum og flóttafólki upp á viðeigandi nám innan sinna vébanda. Félagasamtök á borð við Lions, Rotary og Kiwanis eru t.d. þekkt fyrir fræðslustarf sitt – hvornig axla þau ábyrgð gagnvart inngildingu nýrra Íslendinga? Íþróttafélög og önnur æskulýðssamtök hafa kjörin tækifæri til að bjóða upp á leiðtogaþjálfun og samskiptaþjálfun jafnt fyrir ungmenni og fullorðna sjálfboðaliða. Ef stjórnvöldum er alvara með að stuðla að og styðja við samfélag ævimenntunar, verður nauðsynlegt að finna leiðir sem kosta ekki mikið, en auka hvata til að útvíkka fræðslu og þjálfun innan vébanda fyrirtækja, stofnana og sérstaklega frjálsra félagasamtaka. Styrkir til sértækra verkefna eru þekkt leið, kröfur um þjálfun leiðtoga innan félagasamtaka, stuðningur við að þjálfu upp leiðbeinendur í fullorðinsfræðslu víðs vegar í atvinnulífinu og þriðja geiranum og fjárhagslegur stuðningur eins og styrkir fyrir bókakosti fyrir leshringi eru þrjú þekkt dæmi sem kosta lítið en hvetja marga til að skipuleggja nám og fræðslu innan alls kyns skipulagsheilda.

## 7. Ívitnuð rit

- Anna Guðrún Edvardsdóttir. (2013). Place and space for women in a rural area in Iceland. *Education in the North*, 20(special issue), 73–89. <https://www.abdn.ac.uk/education/research/eitn/journal/99>
- Anna Guðrún Edvardsdóttir. (2021). Staðbundin áhrif og hlutverk þekkingarsetra í nýsköpun og atvinnuþróun byggða. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2021.3>
- Anna Guðrún Edvardsdóttir og Allyson Macdonald. (2011). *Higher education, rural development and social sustainability* [fyrirlestur]. EDEN annual conference learning and sustainability: The new ecosystem of innovation, Dublin.
- Anna Magnea Hreinsdóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir. (2022). Fyrirkomulag og upplifun nemenda af matssamtali í raunfærnimati í leikskólakennarafræði við Háskóla Íslands. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2022.14>
- Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, Hróbjartur Árnason og Lilja Rós Óskarsdóttir. (2021). Hvernig eflum við færni leiðbeinenda í fullorðsfræðslu? *Gátt – Vef tímarit um fullorðsfræðslu*. <https://gatt.frae.is/2021/hvernig-eflum-vid-faerni-leidbeinenda-i-fullordsfraedslu/>
- Benyus, J. M. (2009). *Biomimicry: Innovation inspired by nature*. Harper Collins.
- Berglind Rós Magnúsdóttir og Helgi Þorbjörn Svavarsson. (Í Ritryni). *Menntun eða úrræði? Stefnumótun íslenska ríkisins um fullorðsfræðslu*.
- Biesta, G. (2022). Reclaiming a future that has not yet been: The Faure report, UNESCO's humanism and the need for the emancipation of education. *International Review of Education*, 68(5), 655–672. <https://doi.org/10.1007/s11159-021-09921-x>
- Björk Erlendsdóttir. (2013). „Ég fór inn um einar dyr og allt í einu stóðu 100 dyr opnar.“ *Reynsla nemenda af Háskólabró*. <https://skemman.is/handle/1946/14932>
- Comenius, J. A. (1986). *Comenius's Pampaedia, or, Universal education*. Buckland.
- Comenius, J. A. (1991). *Pampaedia, Allerziehung*. Academia Verlag Richarz.
- Coombs, P. H., Ahmed, M. og Israel, B. B. (1974). *Attacking rural poverty: How nonformal education can help*. International Council for Educational Development (ICED).
- Coulter, M. (2023, 9. maí). *AI pioneer says its threat to world may be 'more urgent' than climate change*. Reuters. <https://www.reuters.com/technology/ai-pioneer-says-its-threat-world-may-be-more-urgent-than-climate-change-2023-05-05/>
- Council of the European Union. (2012). Council recommendation of 20 December 2012 on the validation of non-formal and informal learning – 2012/C 398/01, C 398. *Official Journal of the European Union*. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=celex%3A32012H1222%2801%29>
- Cross, K. P. (1981). *Adults as learners: Increasing participation and facilitating learning*. Jossey-Bass. [https://archive.org/details/adultsaslearners0000cros\\_q2u1/page/n7/mode/2up](https://archive.org/details/adultsaslearners0000cros_q2u1/page/n7/mode/2up)



- Crowther, J. (2000). Participation in adult and community education: A discourse of diminishing returns. *International Journal of Lifelong Education*, 19(6), 479–492. <https://doi.org/10.1080/02601370050209023>
- Delors, J., Al Mufti, I., Amagi, I., Carneiro, R., Chung, F., Geremek, B., Gorham, W., Kornhauser, A., Manley, M., Padrón Quero, M., Savane, M.-A., Singh, K., Stavenhagen, R., Won Suhr, M. og Nanzhao, Z. (1996). *Learning: The treasure within*. UNESCO. <https://unesdoc.unesco.org/ark:/48223/pf0000109590>
- Duhigg, C. (2012). *The power of habit: Why we do what we do in life and business*. Random House. [https://ia803102.us.archive.org/35/items/CharlesDuhigg.ThePowerOfHabit\\_201808/Charles-Duhigg.The-Power-of-Habit.pdf](https://ia803102.us.archive.org/35/items/CharlesDuhigg.ThePowerOfHabit_201808/Charles-Duhigg.The-Power-of-Habit.pdf)
- EHEA. (2015). *Ministerial conference Yerevan*. <https://ehea.info/page-ministerial-conference-yerevan-2015>
- Elfert, M. (2019). Lifelong learning in sustainable development goal 4: What does it mean for UNESCO's rights-based approach to adult learning and education? *International Review of Education*, 65(4), 537–556. <https://doi.org/10.1007/s11159-019-09788-z>
- Elín Sif Welding Hákonardóttir, Sif Einarsdóttir, Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir og Gestur Guðmundsson. (2017). Aðgengi fullorðinna að námi á framhaldsskólastigi : Stofnana- og aðstæðubundnar hindranir á menntavegi. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 26(1-2), 65–86. <https://doi.org/10.24270/tuom.2017.26.4>
- Eyjólfur Sigurðsson. (2011). *Æviteklar og arðsemi menntunar*. Bandalag háskólamanna.
- Faber, W. (1981). *Person oder Organisation? Grundtexte zur Erwachsenenbildung*. Patmos Verlag.
- Faure, E., Herrera, F., Kaddoura, A.-R., Lopes, H., Petrovsky, A. V., Rahnema, M. og Ward, F. C. (1972). *Learning to be: The world of education today and tomorrow. Report of the International commission on the development of education* (2. útgáfa). UNESCO. <https://unesdoc.unesco.org/ark:/48223/pf0000001801>
- Fjóla María Lárusdóttir. (2004). Þróun ráðgjafar á vinnustöðum. *Gátt, ársrit Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins*, 82–86. <https://gatt.frae.is/wp-content/uploads/2022/10/throun-radgjafar-fml.pdf>
